

# Hnefinn & rósín

SAMFYLKINGARFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK 1. tölublað 1. árgangur

## hvað nú?

Miklar væntingar eru bornar til landsfundar, hins fyrsta eftir ítarlegt umbótaferli. Tillögur gera ráð fyrir grundvallar-breytingu á skipulagi flokksins. Landsfundarfulltrúar geta sýnt að flokkurinn skilji og tileinki sér þær breytingar sem kallað er eftir. Þeim er falið að færa flokkinn frá orðum til umbóta.



# Hnefinn & rósín

SAMFYLKINGARFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK 1. tölublað 1. árgangur

“Merki okkar jafnaðarmanna er hnefi og það er rós. Hnefinn táknar afl, rósín fegurð. Kannske finnst ykkur mörgum að hnefinn skipi of mikið rúm í málflutningi okkar, að rósín, fegurðin komist þar ekki að sem skyldi. Mér finnst þetta stundum sjálfum. En við erum þjóð I vanda. Við hverfum ekki frá efnahagslegri óstjórn, siðferðilegri upplausn, við komum ekki umbótum okkar í gegn, nema við setjum hnefann í borðið. Hnefinn og rósín eru hvort öðru háð. Við trúum því að aukist afl okkar, þá verði meira rúm fyrir rósina, meira rúm fyrir fegurðina, í islenzku þjóðfélagi.”

- Vilmundur Gylfason

<i>Halla B. Þorkellsson</i>	VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ GEGN SÉRHAGSMUNUM	bls. 4
<i>Anna Margrét Guðjónsdóttir</i>	MIKIL ÁHERSLA Á ÞÁTTTÖKU FLOKKSMANNA	bls. 4
<i>Natan Kolbeinsson</i>	ÉG ER JAFNAÐARMAÐUR	bls. 4
<i>Ingibjörg Guðmundsdóttir</i>	ALDUR ER PÓLÍTÍK	bls. 4
<i>Kolbrún Benediktsdóttir</i>	LANDSFUNDUR FLOKKSINS	bls. 4
<i>Kjartan Valgarðsson</i>	NÝ LÖG ENDURSPEGLI NÝJAN FLOKK	bls. 4
<i>Hilmar Magnússon</i>	BETRA LÝÐRÆÐI KREFST AUKINNAR VELFERÐAR, VIRKNI OG PÓLINMÆÐI	bls. 6
<i>Kjartan Valgarðsson</i>	INNGANGUR AÐ JAFNAÐARSTEFNUNNI	bls. 6
<i>Atli Þór Fanndal</i>	LÝÐRÆÐI, SKIPULAG OG INNVIÐIR	bls. 6
<i>Hrafnhildur Ragnarsdóttir</i>	OPIN PRÓFKJÖR OG ÁRGJALD	bls. 7
<i>Hrafnhildur Ragnarsdóttir</i>	STJÓRNARSKRÁIN - SÖGULEG ANDSTAÐA VIÐ BREYTINGAR	bls. 7
<i>Sigríður Ingibjörg Ingadóttir</i>	VELFERÐ Á TÍMUM NIÐURSKURÐAR	bls. 8
<i>Oddný Harðardóttir</i>	BREYTT VINNUBRÖGÐ VIÐ FJÁRLAGAGERÐ	bls. 8
<i>Valgerður Bjarnadóttir</i>	JAFNAÐARMENN Í FORYSTU	bls. 8
<i>Skúli Helgason</i>	ER MENNTUN LEYNIVOPNIÐ?	bls. 9
<i>Mörður Árnason</i>	LOKSINS ÁRÓSASIGUR	bls. 9
<i>Össur Skarphéðinsson</i>	VIÐ STYÐJUM VIÐURKENNINGU Á PALESTÍNU	bls. 9
<i>Atli Þór Fanndal</i>	VINSTRIÐLOKK Í NÆSTU	bls. 11
<i>Hilmar Magnússon</i>	KOSNINGUM	12 13
<i>Atli Þór Fanndal</i>	TEIKN TIL VARANLEGS SAMSTARFS	bls. 14
<i>Atli Þór Fanndal</i>	PARTUR AF MENNINGUNNI AÐ ÝTA UNDIR ÓÖRYGGI	bls. 15
<i>Hilmar Magnússon</i>	SAMFYLKINGIN OG REYKJAVÍKURLISTINN	bls. 16
<i>Rósa Guðrún Erlingsdóttir</i>	Tími Helle er kominn!	bls. 16
<i>Stefán Benediktsson</i>	Samsteypur, hávaði og samningar	bls. 16
<i>Hilmar Magnússon</i>	SKIPULÖGÐ ÞÉTTING ER FORSENA SJÁLFBÆRS BORGARSAMFÉLAGS	bls. 17
<i>Hilmar Magnússon</i>	FERÐALAG UM OPINBERT RÝMI	bls. 17
<i>Stefán Benediktsson</i>	LANDSSKIPULAG ER HLUTI AF ÍSLANDI 2020	bls. 17
<i>Hilmar Magnússon</i>	ÖRYGGI ER MIKLU MEIRA EN HERVARNIR	bls. 18
<i>Mörður Árnason</i>	SAMNINGUR UM HÖFUÐBORGINA?	bls. 18
<i>Páll Guðjónsson</i>	ER STEFNA UM AUKNAR HJÓLREIÐAR MARKLEYSA?	bls. 18
<i>Eva Bjarnadóttir</i>	HVER VERNDAR PALESTÍNUMENN?	bls. 19
<i>Eva Bjarnadóttir</i>	MANNÖRYGGI TIL GRUNDVALLAR	bls. 19
<i>Eva Bjarnadóttir</i>	ÁHÆTTUMATI FYRIR ÍSLAND	bls. 19
<i>Eva Bjarnadóttir</i>	ÖRYGGIÐ OG ELDSTÓIN	bls. 19
<i>Eva Bjarnadóttir</i>	FÓLK Í STAÐ RÍKJA	bls. 19
<i>Teitur Atlason</i>	HATRIÐ KOLLVARPAR	bls. 20
<i>Sigurður Pétursson</i>	UMHVERFI SÍNU	21
	BARÁTTAN FYRIR FRELSI, JAFNRÉTTI OG BRÆÐRALAGI	bls. 21





## við eigum samleið með Evrópu

Við Íslendingar eigum fullt erindi á sameiginlegan vettvang Evrópuþjóða til að taka þátt í að móta framtíð okkar.

Aðild að Evrópusambandinu hefur marga góða kosti í för með sér fyrir okkur á fjölmörgum sviðum.

Við lækkum vexti

Við fáum ódýrari og fjölbreyttari mat

Við fáum betri gjaldmiðil

Við eflum raunverulegt fullveldi

Við eigum auðlindirnar áfram

Við fáum sterkari byggðir og sveitir

Við styrkjum mannréttindi og frið

Við eflum umhverfis- og náttúruvernd

Við sköpum ný tækifæri á fjölmörgum sviðum

Já við eigum erindi í Evrópusambandið

**Já!**  
**ÍSLAND**

Já Ísland er sameiginlegur vettvangur einstaklinga og félagasamtaka sem eru hlynt aðild Íslands að ESB enda verði framtíðarhagsmunir þjóðarinnar tryggðir. Auglýsingin er greidd með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfbóðaliða.

Já Ísland - Skippholti 50a, 105 Reykjavík | sími 517 8874  
jaisland@jaisland.is

[www.jaisland.is](http://www.jaisland.is) | [Facebook.com/Jaisland](https://www.facebook.com/Jaisland)

**Nýlegar rannsóknir í Evrópu sýni svart á hvítu að með minnkandi tekjum sé ólíklegra að fólk taki þátt í stjórnmálum.**



## BETRA LÝÐRÆÐI KREFST AUKINNAR VELFERÐAR, VIRKNI OG ÞOLINMÆÐI

Dr. Gerry Stoker, einn þekktasti fræðimaður Evrópu á sviði lýðræðis, stjórnmálaflokka og borgaravirkni, hélt nýlega erindi í Háskóla Íslands um betri stjórnmál. Í fyrirlestrinum sagði Stoker fáa eiga beina aðkomu að valdi og að mikið skorti á virkni borgaranna. Þá væri lítið traust á samfélagsstofnunum ekki séríslenskt fyrirbæri. Þannig hefði traust til ríkisstjórna og þjóðþinga mælst lítið í öllum 27 löndum Evrópusambandsins árið 2010. Jafnvel minna en hér. Stoker sagði þetta ekkert nýtt og

nefndi dæmi um þverrandi traust í Bandaríkjunum og Bretlandi allt frá 1950. Hann segir evrópskar rannsóknir sýna mikinn mun milli ríkja, en að í heildina virðist flestir hafa misst trúna á stjórnmálum.1 Stíð samskipti stjórnmálanna og almennings valdi því stundum að borgararnir risi upp og sýni vanþóknun sína og vonbrigði. Stoker segir kreppuna dýpri í sumum löndum en öðrum og á þá við atriði eins og kosningabáttöku, þáttöku í félagsamtökum og í

mótmælum. Ástandið sé verst í gömlu austantjaldsríkjunum, en best á Norðurlöndum. Hann segir þó einkennandi fyrir heildina að fæstir séu pólitískt virkir öllum stundum. Borgararnir séu áhorfendur fremur en gerendur, og jafnvel í „bestu“ löndunum mælist traustið ekki nema í meðallagi.

### Lýðræðið er misskilið og tapar á lítilli velferð

Stoker segir þrjár ástæður einkum skýra stöðuna og nefnir fyrst félagslega þætti. Nýlegar rannsóknir í Evrópu sýni svart á hvítu að með minnkandi tekjum sé ólíklegra að fólk taki þátt í stjórnmálum.2 Þá sé sláandi munur á þeim sem eru faglærðir og/eða í stjórnunarstöðum og þeim sem eru í tilfallandi störfum og/eða teljast til ófaglærðs verkafólks. Fyrri hópurinn telji sig betur upplýstan, búa yfir þekkingu og það sé fimm sinnum líklegra að fólk sem tilheyri honum sé virkt í stjórnmálastarfi. Stoker segir muninn á öðrum hópum ekki jafn himinhrópani. Þó séu karlmenn virkari en konur og „hvítir“ borgarar virkari en fólk af öðrum kynþáttum. Í öðru lagi segir hann stjórnmálin föst í eilífum vítahring ómerkilegrar kosningabaráttu, neikvæðrar fjölmíðlaumfjöllunar og neikvæðs almenningsálits. Í þriðja lagi segir Stoker um að kenna innbyggðu flækjustigi og misskildu lýðræðisferli. Fólk hafi vissulega rétt til að koma skoðunum sínum á framfæri, en þurfi að setta sig við að fá ekki alltaf sitt í gegn. Þá séu stjórnmálin oft knúin áfram af hugsjónaeldi sem slokkni við framkvæmd loforðanna. Lýðræðið geti nefnilega verið leiðinlegt og ógegnsett og reynt á þolinmæði og þrautseigju. Fögur fyrirheit tynist í málamiðlunum og samkomulagi, sem samt sé nauðsynlegt til að ná fram ákvörðunum þar sem setta þurfi ólík öfl og skoðanir.

### Vantraust og þáttökuleysi eru vandamál sem þarf að leysa

Stoker segir erfitt að svara því hversu lágt traust og þátttaka geta mælst áður en kerfið hættir að virka. Þetta sé þó vandamál sem bregðast þurfi við. Ójöfnuðurinn

sýni nefnilega að sinnuleysið sé ekki bara val. Samfélagsgerðin útiloki hreinlega veikustu hópana. Stjórnmálafræðingar þurfi að spyrja sig óþægilegra spurninga, hætta að einblína á orsakirnar, en snúa sér líka að því hvernig hægt sé að breyta ástandinu. Stoker vill nálgast fulltrúalýðræðið á nýjan hátt, brúa bilið milli fulltrúanna og kjósendanna og viðurkenna mismunandi form lýðræðis. Hér þurfi þó að takast á við orsakavald eins og rökþugsun og hvata- og tilfinningalíf fólks, hefðir og félagslegar aðstæður, stofnanir samfélagsins og loks löggjöf, völd og hagsmuni. Ekki sé hlaupið að því að breyta fólki eða stjórnlögum og því sé vænlegra til árangurs að reyna að breyta stofnunum samfélagsins. Hann boðar lýðræðisnýsköpun, m.a. í formi nýrra umræðuaðferða, með-stjórnunar borgaranna og rafræns lýðræðis. Fulltrúalýðræði, beint lýðræði og þetta „nýja“ lýðræði hafi sína kosti og galla, en aðalatriðið sé að beita þeim samhliða.

### Stjórnmálin í nærumhverfinu

Stoker telur nær ómögulegt að færa öllum borgurum völd eða sannfæra þá um að stjórnmál geti verið siðleg og sanngjörn. Stjórnmál snúist reyndar ekki um völd fyrir einstaklingana heldur um að tryggja þeim aðkomu að sameiginlegri ákvarðanatöku, leysa deilur og móta samstarfsvenjur. Þau geti verið innblásin og siðleg en litist líka af hálfarsannleik, málamiðlunum og margræðni. Hann vill líta á borgarana sem þátt í margskonar tengslanetum fremur en einstaklinga. Upplifun þeirra og stjórnmálaþátttaka séu mjög háð þeim félagsnetum sem þeir tilheyri, til dæmis fjölskyldu eða vinahópi. Félagsnetin skipti sköpum um stjórnmálaskoðanir fólks, geri því kleift að taka þátt í þeim og hafi áhrif á hvernig þátttakan skilar sér í pólitískum aðgerðum. Stoker segir að lykilinn að endurnýjuðu trausti og meiri þáttöku megi hugsanlega finna með því að þróa og tengja stjórnmálin betur við þessi félagslegu tengslanet og gera þau að sjálfsgöðum hluta samskiptanna. Internetið, opinber umræða og opin aðgangur að sérfræðikunnáttu og þekkingu gætu hér leikið stórt hlutverk.

### Lýðræði – handbók fyrir byrjendur

Grafa risafyrirtækin undan lýðræðisferlinu? Virkar lýðræðið á alþjóðavettvangi? Hvað með Sameinuðu þjóðirnar? Hvað er lýðræði og hvernig má bæta það? Þessar spurningar, ásamt fjölda annarra, eru viðfangsefnið í bókinni *Democracy – a beginner's guide* eftir David Beetham. Bókinni er lýst sem frábærri lesningu. **Fæst á ensku á 2.290 kr. hjá Bóksölu stúdenta, Háskólatorgi.**

### Fléttulistar í Túnis

Jafnaðarmaðurinn Michelle Bachelet, fyrrverandi forseti Chile og framkvæmdastjóri UN Women, sagði nýlega að mikil þátttaka kvenna í arabísku lýðræðisbyltingunni hefði nú þegar bætt stöðu þeirra. Ný kosningalög í Túnis gerir t.d. ráð fyrir fléttulistum með jöfnu hlutfalli kvenna og karla við kosningarnar til stjórnlagaþings.. Þinginu er ætlað að semja stjórnarskrá og skipa ríkisstjórn.

### Hannah Arendt og ástin til heimsins

Hannah Arendt (1906-75) fjallaði mikið um alræðisvald, illsku mannsins og mannréttindi. Hún sagði stjórnmálin vera undir járnhæl fjármálavaldsins, án aðhalds frá pólitískt sinnulausum borgurum, dofnum af neysluhyggju. Sigríður Þorgeirsdóttir prófessor ritstýrði bókinni *Af ást til heimsins, um ævi Hönnu og erind hennar við lýðræðisumræðu.*

### Lýðræðisfélagið Alda

Lýðræðisfélagið Alda var stofnað haustið 2010 til að berjast fyrir lýðræði og sjálfbærni. Félagið fer nýjar leiðir í lýðræðisþróun og talar meðal annars fyrir fyrirtækjalýðræði, valddreifingu með slembivali og persónukjöri, ásamt félagslegu bankakerfi. Þá berst félagið fyrir velferðarkerfi með auknum frítíma og meiri tekjujöfnuði. Fundir Öldu eru opnir öllu áhugafólki um betra lýðræði og aukna sjálfbærni. **www.alda.is.**

**Félögunum fannst að það vantaði upp á uppeldi, þjálfun og fræðslu í anda jafnaðarstefnunnar innan flokksins.**



## INNGANGUR AÐ JAFNAÐARSTEFNUNNI

Hópur félaga í Samfylkingarfélaginu í Reykjavík tók sig til síðla árs 2010 og hóf undirbúning að myndun nýs stjórnmálaskóla jafnaðarmanna. Félagunum fannst að það vantaði upp á uppeldi, þjálfun og fræðslu í anda jafnaðarstefnunnar innan flokksins, en lítið sem ekkert námskeiðshald hefur farið fram á vegum Samfylkingarinnar. Fljótlega komst hópurinn að því að það vantaði grunnrit eða bók um jafnaðarstefnuna.

Þorsteinn Helgason og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir tóku að sér að stýra ritun og ritstjórn bókarinnar sem ber vinnuheitid Inngangur að

jafnaðarstefnunni. Fengnir voru sjö höfundar og skrifar hver þeirra skrifaði sinn kafla, svo sem um stjórnmálaflokka og sögu jafnaðarmannahreyfingarinnar, jafnaðarstefnuna, þjóðernishyggjuna og umheiminn, norræna velferðarkerfið, lýðræðið, atvinnu og auðlindir o.fl. Til stendur að Bókmenntafélag jafnaðarmanna gefi bókina út. Hugmyndin er að nota bókina á námskeiðum til að styrkja þekkingu á jafnaðarstefnunni meðal félagsmanna og gefa aðildarfélögunum tækifæri til að auka fjölbreytni í starfi sínu. Hægt er að styðjast við námskeið eða leshringjafyrirkomulag til að koma efni hennar til skila.

## LÝÐRÆÐI, SKIPULAG OG INN- VIÐIR JAFNAÐARMANNAFLOKKS

„Ég get ekki stýrt því hvað þið gerðið. Aðeins deilt með ykkur stefnu og reynslu sænskra jafnaðarmanna. Þið þekkið flokkinn ykkar og ykkar aðstæður. Jafnaðarstefnan hefur reynt okkur vel og á þátt í að lyfta Svíþjóð úr hópi fátækari ríkja heims í hóp þeirra allra auðugustu,“ sagði Bertil Kinnunen framkvæmdastjóri hjá Jafnaðarmönnum í Uppsálandi í Svíþjóð, á ráðstefnu Sffr um lýðræði, skipulag og innviði jafnaðarmannaflokka.

Ráðstefnan sem fór fram í maí er liður í úrvinnslu félagsins á niðurstöðum umbótaskýrslunnar. Upptökur frá ráðstefnunni má finna á vef Samfylkingarinnar. Við sama tilefni sagði Kjartan Valgarðsson formaður Sffr að í rannsóknarskýrslu

Alþingis væri víða fjallað um skort á formfestu og öguðum vinnubrögðum í samfélaginu. Skortur á formfestu í bland við agaleysi og sjálfðæmishyggju væri alkurna á Íslandi. „Samfylkingin er hluti af íslensku samfélagi og fer því ekki varhluta af almennu agaleysi,“ sagði Kjartan. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingkona fjallaði um umbótastarfið og sagði starfi þingflokks og ráðherra ekki hafa verið veitt nægjanleg athygli í umbótastarfinu. Það teldi hún óheppilegt þar sem þingflokkur móti ásjónu flokksins umfram aðrar stofnanir. „Ég tel formfestu mjög mikilvæga fyrir lýðræðið,“ sagði Sigríður sem telur að ekki sé nægilega skýrt kveðið á um hvaða reglum kjörnir fulltrúar skuli fylgja í störfum fyrir flokkinn.



## STJÓRNARSKRÁIN - SÖGULEG ANDSTAÐA VIÐ BREYTINGAR

Frá lýðveldisstofnun fyrir 67 árum hafa verið gerðar margar tilraunir til þess að endurskoða stjórnarskrá Íslendinga í heild. Andstaða við breytingar og ósætti milli stjórnsmálaflokkanna hafa orðið til þess að þær hafa hingað til ekki náð fram að ganga.

Árið 1994 lagði Jóhanna Sigurðardóttir fram frumvarp um breytingu á stjórnarskrá Íslands. Þá hafði sérstök nefnd verið að störfum um endurskoðun stjórnarskrár frá 1978. Hún var sú fimmta frá því Ísland varð lýðveldi 1944, en enginn forvera hennar hafði lokið störfum. Sú nefnd skilaði skýrslu til þingflokka 1983 þar sem tekið var á öllum þáttum nema kjördæmaskipaninni. Nefndin vildi fjalla betur um nokkur ákvæði, svo sem eignarréttarákvæði og mannréttindi, en um þau stóð ágreiningur innan nefndarinnar. Árið 1994 skilaði nefndin tillögum um endurskoðun mannréttindaákvæða en hafði ekki lokið umfjöllun um önnur atriði, svo sem eignarréttarákvæðin.

Í frumvarpi Jóhönnu var lagt til að efnt yrði til stjórnlagabings sem endurskoða skyldi stjórnarskrána í heild sinni. Sú hugmynd hafði verið lögð fram tæpum fimm áratugum fyrr þegar Páll Zóphóniásson, þingmaður Framsóknarflokks kynnti þessa hugmynd á alþingi en hún hlaut þá ekki stuðning. Jóhanna lagði til að þingið yrði skipað þjóðkjörnum fulltrúum samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, öðrum en alþingismönnum. Þannig væri komið í veg fyrir að alþingismenn fjölluðu um mál sem vörðuðu þá sjálfa, t.d. ákvæði stjórnarskrár um kosningaskipan og ráðherraábyrgð. Tillögur stjórnlagabings færu í þjóðaratkvæðagreiðslu og styddi almenningur tillögurnar yrði endurskoðuð stjórnarskrá lögð fyrir forseta til staðfestingar. Alþingi yrði síðan rofið og boðað til nýrra kosninga samkvæmt kosningaskipan sem hin nýja

stjórnarskrá kvæði á um. Frumvarpið náði ekki fram að ganga.

Það var svo Framsóknarflokkurinn sem gerði kosningu til stjórnlagabings að skilyrði fyrir því að styðja minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna 2009. Stjórnarflokkarnir voru sammála tillögunni og voru lög um stjórnlagabing samþykkt á Alþingi. Haldinn var þúsund manna þjóðfundur með slembiúrtaki úr þjóðskrá og í nóvember 2010 kaus almenningur 25 fulltrúa til stjórnlagabings. Sjálfstæðismenn tjáðu sig lítið um tillöguna en haft var eftir Birni Bjarnasyni, fráfarandi dómismálaráðherra, að hann teldi breytingar á stjórnarskrá ekki brýnt verkefni.

Í desember bárust þrjár kærur til Hæstaréttar vegna framkvæmdar kosninga til stjórnlagabings. Dæmdi Hæstiréttur kosningarnar ógildar í janúar 2011. Dómurinn var umdeildur en Alþingi brást við með því að skipa fulltrúana sem náð höfðu kjöri á stjórnlagabingið í nýtt stjórnlagaráð sem átti að endurskoða stjórnarskrána. Sagði Jóhanna Sigurðardóttir að stjórnlagabingið væri tæki þjóðarinnar til að móta nýja stjórnarskrá og það yrði ekki af henni tekið. Stjórnlagaráð vann vel fyrrihluta sumars og afhenti Alþingi lagafrumvarp um endurskoðun stjórnarskrár 29. júlí. Athygli vakti miðað við forsöguna þegar formaður Framsóknarflokksins lýsti því yfir í ágúst að breytingar á stjórnarskrá væru ekki tímabærar. Mælt var fyrir frumvarpinu í byrjun október og er það nú í vinnslu í nýrri þingnefnd, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sem Valgerður Bjarnadóttir veitir forystu.



## OPIN PRÓFKJÖR OG ÁRGJALD

Opin prófkjör hafa verið hefð innan Samfylkingarinnar en umbótaskýrsla flokksins fjallaði sérstaklega um ókosti þess fyrirkomulags. Segir í skýrslunni að það sé hættulegt einingu innan flokksins að þáttakendur í prófkjöri þurfi ekki að vera félagar í Samfylkingunni.

Það er mat umbóta-skýrslunnar að frambjóðendur sem hljóta kosningu í opnu prófkjöri geti skort bæði stuðning og tiltrú flokksfélaga og líklegt sé að þeir sjái frambjóðandann fremur sem fulltrúa utanaðkomandi hóps í engum eða litlum tengslum við grasróttina. Athygli er vakin á því að þeir sem ná frama innan flokksins með utanaðkomandi stuðningi geti haft tilhneigingu til að vinna fremur í hag utanaðkomandi hópa en flokksins. Þá hefur kosningabaráttan í opnum prófkjörum verið fjárfrek og skapað þá hættu að frambjóðendur fórnir trúverðugleika sínum við að safna fé fyrir kosningabaráttuna. Umbótanefnd telur þannig opin prófkjör „viðsjárvert sundrunarafi í flokknum“.

### Kosningasmölun laðar nánast eingöngu að tímabundna fylgjendur

Samkvæmt umbótaskýrslunni geta opin prófkjör, smölun rétt fyrir kosningar, vantraust og jafnvel fjandskapur sem þessu gjarnan fylgir skapað varanlegt skarð í fylkingu flokksins. Það eykur heldur ekki samstarfsmöguleika meðal kjörinna fulltrúa ef sífellt er verið að reyna höfða til mögulegra stuðningsmanna utan flokksins. Kosningasmölun laðar nánast eingöngu að tímabundna kjósendur en ekki nýja

flokksfélaga sem starfa fyrir flokkinn eða styðja hann. Þá skiptir máli að fólk sem starfar fyrir flokkinn finni að því fylgi traust og stuðningur til að sinna trúnaðarstörfum á vegum hans. Það er niðurstaða umbótanefndar að opin prófkjör dragi úr vægi flokksstarfsins. Leggur nefndin til að opnum prófkjörum verði hætt og að eingöngu skráðir og virkir flokksmenn geti komið að vali á framboðslista.

Flokksfélagar hafi réttindi og skyldur Sffr hefur sett sér skýra stefnu er kjöröldum, en félagið lítur svo á að félagsgjöld séu nauðsynlegur þáttur þess að loka prófkjörum. Sú afstaða birtist meðal annars í ávarpi varaformanns Sffr framar í blaðinu. Þá hefur formaður Sffr ítrekað skrifað opinberlega um mikilvægi árgjalda. Á aðalfundi Sffr í mars síðastliðnum var samþykktur kafli um réttindi og skyldur félagsmanna. Þar segir: „Gert er ráð fyrir að allir borgir til félagsins en að sjálfsögðu eftir efnun og ástæðum. Lagt er til að lítið sé á vanhöld í þeim efnun sem yfirlýsingu um að viðkomandi hafi ekki lengur áhuga á félagssáðild.“ Á fundinum var samþykkt að miðað skuli við kjörskrá eins og hún var 31. desember á undan við kosningar og kjörgengi. Fyrir landsfund sendi stjórn Sffr tilkynningu þess efnis að eingöngu skuldlausir félagar kæmu til greina sem fullgildir fulltrúar á landsfundi og að fjöldi meðlima skyldi metinn

út frá þeim sem greitt hefði gjöld. Sú ákvörðun var dregin tilbaka þar sem hún stóðst ekki fyllilega, því eins og áður segir kveða nýsamþykkt lög á um að kjörgengi og kosningarétt hafi skuldlausir félagar frá og með 31. desember sem enn er ekki liðinn frá samþykkt nýrra laga.

### Fjölde- eða fulltrúasamkunda

Ef tillögur Sffr ganga í gegn er líklegt að flokksfélögum Samfylkingarinnar fækki mikið. Skiptar skoðanir eru á kostum þess og hvort t.d. landsfundir eigi að vera fjöldasamkunda flokksfélaga eða eins konar fulltrúasamkoma. Þá innheimtir Samfylkingin á landsvísi ákveðna upphæð á hvern meðlim aðildarfélaganna í formi landsfundarskatts og er þá fyrirséð að sú upphæð lækki ef aðeins er miðað við greiðendur árgjalda.

Ýmsir hafa tengt nýlegan pistil efnahags- og viðskiptaráðherra, Árna Páls Árnasonar, sem gagnrýni á hugmyndir um upptöku félagsgjalda en í pistlinum spyr hann meðal annars hvort að sé „endilega rétt nú að loka Samfylkingunni frekar og múra hana inn á bak við heilög vé flokksbanda? Er rétt að útiloka skráða stuðningsmenn frá aðkomu að ákvörðunum?“ Þá má nefna að Ungir jafnaðarmenn hafa lýst því yfir að samtökin séu alfarið á móti félagsgjöldum og muni berjast gegn því að þau verði gerð að skyldu.







# Árangur!

Fyrsta ráðuneyti Jóhönnu Sigurðardóttur tók við stjórnartaumunum þann 1. febrúar 2009. Á þeim stutta tíma sem síðan er liðinn hefur náðst mikilsverður árangur á nær öllum sviðum samfélagsins og mörg framfaramál komist í framkvæmd. Hér að aftan eru talin upp nokkur þeirra.

Lokið hefur verið við rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða sem nú er í kynningarferli. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands hefur verið lögð fram. Einnig er búið að fullgilda Árósasamninginn.

Starfshættir og skipulag Stjórnarráðsins hafa verið stokkuð upp út frá rannsóknarskýrslu Alþingis. Ný þingskaparlög hafa verið samþykkt sem auka sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdavaldinu. Aukin áhersla er á eftirlitshlutverk þings og vandaðri undibúning löggjafar. Fagleg yfirstjórn hefur verið sett yfir Seðlabanka Íslands og peningastefnunefnd sett á fót. Forréttindi alþingismanna og ráðherra til lífeyrisréttinda hafa verið afnumin og reglum um skipan dómara hefur verið breytt þannig að nú ráða ráðherrar ekki einir hverjir eru skipaðir dómara. Ráðuneytum hefur verið fækkað í tíu úr tólf, embætti umboðsmanns skuldara hefur verið stofnað og efnahagsmál hafa verið sameinuð undir einu ráðuneyti. Fyrstu lög um rannsóknarnefndir hafa verið sett og þeirra fyrsta verker að rannsaka fall sparisjóðanna og lífeyrissjóða.

Baráttan gegn kynferðislegu ofbeldi og mansali hefur verið sett á oddinn. Kaup á vændi hafa verið gerð refsiverð og áætlun gegn mansali hefur verið samþykkt.

Aðildarviðræður við ESB eru hafnar og ganga vel - niðurstöðurnar verða lagðar fyrir þjóðina.

Þúsundum ungra atvinnuleitenda hefur verið tryggð skólavist m.a. á grundvelli átaksins Nám er vinnandi vegur. Ákvæði um ábyrgðarmenn á lánnum LÍN hafa verið afnumin.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur farið fram á vettvangi þjóðfundar, stjórnlaganefndar og Stjórnlagaráðs.

Fjármálakerfið hefur verið endurfjármagnað og samstarfi Íslands við AGS er lokið. Áætlaður fjárlagahalli í ár er 42 milljarðar og mun hann fara niður fyrir 18 milljarða á næsta ári, en fjárlagahallinn var 216 milljarðar árið 2008. Allar spár sýna að hagvöxtur verður jákvæður næstu ár.

Hlutur kvenna hefur aldrei verið meiri í ríkisstjórn (40-50%), meðal ráðuneytisstjóra (50%) eða meðal skrifstofustjóra í stjórnarráðinu. Hið sama á við um fjölda kvenna í stjórnnum og ráðum á vegum ríkisins. Ráðherranefnd um jafnréttismál starfar í fyrsta skipti á lýðveldistímanum.

Þróunarsamvinnuáætlun hefur verið samþykkt í fyrsta sinn ásamt tímasettri áætlun um að Ísland verji 0,7 prósentum af þjóðartekjum til þróunarmála. Stutt hefur verið við sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna og lýst yfir stuðningi við aðild Palestínumanna að Sameinuðu þjóðunum. Samþykkt hefur verið að móta þjóðaröryggisstefnu og hefur Ísland skipað sér í flokk ríkja sem leggur áherslu á kjarnorkuafvopnun.

Kjör hinna lægst launuðu hafa verið varin - kaupmáttur hópsins er hærri nú en hann var í góðærinu og skattbyrðin lægri. Gerðir hafa verið kjarasamningar til langs tíma sem tryggja launafólki verulegar kjarabætur og frið á vinnumarkaði. Atvinnuleysi fer minnkandi.



**LANDSFUNDUR  
SAMFYLKINGARINNAR**

*21. - 23 okt.*

**2011**

# JÖFNUÐUR ATVINNA VELFERÐ

LANDSFUNDUR  
SAMFYLKINGARINNAR  
AÐ HLÍÐARENDA  
21.–23. OKTÓBER 2011

## Kosningar á landsfund

### Laugardagur 22. október

09.00

Framboðsfrestur til formanns rennur út

11.00 – 12.00

Formannskjör

13.00

Framboðsfrestur til varaformanns rennur út

14.00

Framboðsfrestur til ritara rennur út

15.30 – 16.30

Kosning varaformanns

16.50

Kjöri formanns og varaformanns lýst

18.00 – 18.30

Kosning ritara

19.00

Framboðsfrestur til gjaldkera og formanns framkvæmdastjórnar rennur út

### Sunnudagur 23. október:

09.30 – 10.00

Kosning gjaldkera

10.00

Framboðsfrestur til framkvæmdastjórnar, flokksstjórnar og í verkalýðsmálaráð rennur út

10.30 – 11.00

Kosning formanns framkvæmdastjórnar

11.30 – 12.15

Kosning í framkvæmdastjórn

13.00 – 14.15

Kosning í verkalýðsmálaráð og flokksstjórn

Allar kosningar eru rafrænar og hægt verður að kjósa, bæði í eigin fartölvum og í tölvum á kjörstað í aðalsal. Niðurstöður úr kosningum munu liggja fljótt fyrir og verða tilkynntar á skjá og heimasíðu landsfundarins, nema kjör formanns og varaformanns.

## Föstudagur

11.00

Skráning landsfundarfulltrúa

12.00 – 14.00

Aðalfundur sveitarstjórnarráðs

13.00 – 15.00

Aðalfundur samtakanna 60+

14.00 – 16.00

Málefnanefndir funda

16.30 – 17.45

Setningarathöfn

Velkomin á landsfund Margrét S. Björnsdóttir formaður framkvæmdastjórnar Minningarathöfn vegna voðaverka í Útey og Osló

**Setningarræða** - Jóhanna Sigurðardóttir formaður Samfylkingarinnar

## Ávörp

Kór Flensborgarskóla

17.45 – 19.30

Starfsmenn landsfundar kjörnir Tillögur um nefndir landsfundar og formenn þeirra Þingskjöl lögð fram Málefni og tillögur - fyrsta umræða

## Mælt fyrir stjórn málaályktun

- Dagur B. Eggertsson varaformaður Samfylkingarinnar Mælt fyrir ályktunum málefnanefnda Mælt fyrir lagabreytingum framkvæmdastjórnar Mælt fyrir tillögum

20.00

Landsfundargleði - 2. hæð Fjölbreytt skemmtidagskrá á hætti jafnaðarmanna: Davíð Ólafsson syngur og fer með gamanmál, Bjartmar Guðlaugsson spilar á gítar og syngur, kvennakórinn Vox feminae flytur nokkur lög - stjórnandi Margrét Pálmadóttir og hljómsveitin Valdimar flytur eigin tónlist. Hinn eini sanni Ómar Ragnarsson skemmtir gestum og stjórnar fjöldasöng og svo tekur Andrea Jónsdóttir plötusnúður við og þeytir skífum af sinni alkunnu sníld.

Kynnir kvöldsins er Felix Bergsson.

## Laugardagur

08.00 – 09.00

Laganefnd

09.00 – 09.45

Skýrsla framkvæmdastjórnar

9.00

Framboðsfrestur til formanns rennur út

09.45 – 10.00

Fyrirkomulag kosninga kynnt

10.00 – 11.50

Málefnanefndir

11.00 – 12.00

Kosning formanns

12.00 – 12.50 - Málstofur

Barátta gegn hatri og fordómum Stefnunótun í málefnum eldri borgara - Áhrif Þjóðfélagsbreytinga og fjölgun í elstu aldurshópum Jöfn tækifæri - sömu laun - atvinnutækifæri kvenna Tillögur stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá

13.00 – 14.00 - Richard Wilkinson - erindi

Why Equality is Better for Everyone Ástæður þess að jöfnuður er betri fyrir alla

15.30 – 16.30 - Málstofa með Richard Wilkinson

Umræður og fyrirspurnir í framhaldi af erindi hans

13.00

Framboðsfrestur til varaformanns rennur út

14.00 – 15.30 - Þjóðfundur Samfylkingarinnar

Hvað getum við gert til að auka jöfnuð og velferð í samfélaginu?

14.00

Framboðsfrestur í embætti ritara rennur út

15.30 – 17.00

Málefni og tillögur - umræða og afgreiðslur

15.30 – 16.30

Kosning varaformanns

16.50

Kjöri formanns og varaformanns lýst

17.00 – 18.30 - Ísland í Evrópu

Frummælendur:

Óssur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVP Kristín Soffía Jónsdóttir, umhverfisverkfræðingur Guðmundur Gunnarsson, rafiðnaðarmaður Stjórnandi umræðna að loknum framsögum: Baldur Þórhallsson formaður Evrópuvaktarinnar

18.00 – 18.30

Kosning ritara

18.30 – 20.00

Málefnanefndir sem hafa ekki lokið störfum koma saman Laganefnd

19.00

Framboðsfrestur í embætti gjaldkera og formanns framkvæmdastjórnar rennur út.

## Sunnudagur

09.00 – 12.30

Málefni og tillögur - afgreiðsla

Niðurstöður málefnanefnda Lagabreytingar

Tillögur

9.30 – 10.00

Kosning gjaldkera

10.00

Framboðsfrestur til framkvæmdastjórnar, flokksstjórnar og verkalýðsmálaráðs rennur út

10.30 – 11.00

Kosning formanns framkvæmdastjórnar

10.30

Tilnefning og kosning skoðunarmanna reikninga

11.30 – 12.15

Kosning framkvæmdastjórnar

13.00 – 14.00

Stjórn málaályktun afgreidd

13.00 – 14.15

Kosning í verkalýðsmálaráð og flokksstjórn

14.00 – 14.30

Önnur mál

14.30 – 15.00

Lokaathöfn

Felix Bergsson flytur nokkur lög ásamt Jóni Ólafssyni píanóleikara og Stefáni Má Magnússyni gítarleikara

Hvatningaverðlaun Samfylkingarinnar

Stefnuræða formanns Samfylkingarinnar

Söngurinn okkar - fjöldasöngur undir stjórn Ómars Ragnarssonar

15.00

Landsfundi slitið



**Tilgangur umbótatil-lagnanna er að auðvelda flokknum að taka á innri og ytri málum og styrkja þannig starf sitt með því að draga lærdóm af því sem á undan hefur farið.**



## Umbótastarf Samfylkingarinnar

Á landsfundi afgreiðum við flokksfélagar samþykktir síðasta flokksstjórnarfundar um umbótastarf flokksins. Þá koma í ljós niðurstöður af hinu viðamikla umbótastarfi sem nú hefur staðið í rúmt ár.

**Á** flokksstjórnarfundum Samfylkingarinnar í apríl 2010 var samþykkt að setja á fót umbótanefnd til að endurskoða starfshætti flokksins. Einnig skyldi nefndin hafa forystu við að skoða og ræða störf Samfylkingarinnar, stefnu hennar og starfshætti og ábyrgð Samfylkingarinnar í aðdraganda bankahrunsins. Að því loknu skyldi nefndin gera tillögur til úrbóta.

Umbótastarfið var sett á fót eftir bankahrunið og ríkisstjórnarsamstarf Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins. Stjórnarmál og stjórnarmálaflokkar almennt höfðu tapað trausti almennings. Samfylkingin var í fremstu víglínu þegar fjármálakerfi okkar féll og forysta flokksins og flokkurinn sem slíkur beið því mikinn álitshnekk bæði meðal almennings og almennra flokksfélaga.

Grundvöllur að starfi umbótanefndar er meginniðurstaða Rannsóknarnefndar Alþingis. Þar kemur fram að þótt Samfylkingin hefði ekki getað afstýrt bankahruninu í stjórnarsamstarfinu frá vori 2007 hafi flokkurinn sem hluti af þáverandi ríkisstjórn brugðist að því leyti að með réttum aðgerðum hefði verið hægt að takmarka það tjón sem varð.

Með því að setja af stað jafn viðamikla umbótastarf og gert hefur verið

telur flokkurinn sig sýna einarða viðleitni til að læra af mistökum sínum og hefur heitið því að ná fram nauðsynlegum breytingum á viðhorfum og vinnubrögðum bæði í stjórnarmálum og innan stjórnsýslu. Með því að leggja sjálfskoðun á starfsháttum innan flokksins og finna leiðir til úrbóta tekur Samfylkingin frumkvæði að því að axla ábyrgð. Þetta er loforð sem Samfylkingin hefur gefið félögum sínum, stuðningsmönnum og landsmönnum öllum.

Umbótanefndin var skipuð 16 flokksfélögum. Kosnir voru tveir fulltrúar úr hverju kjördæmanna sex og fjögurra manna verkstjórn var kosin í sérstakri kosningu á flokksstjórnarfundum. Verkstjórnin kom fyrst saman í maí 2010 og skipti með sér verkum. Settir voru á fót fjórir vinnuhópar og vann einn verkstjóri með hverjum hópi. Einn hópurinn fjallaði um rannsóknarskýrslu Alþingis, annar um umræðuna í flokknum, þriðji um stefnu flokksins og sjá fjórði um starfshætti hans. Tveir síðastnefndu hóparnir voru svo sameinaðir skömmu eftir að vinnan hófst þar sem mörg umfjöllunarefna áttu við báða hópana. Öll nefndin hittist síðan um haustið, í september og aftur í október. Þess á milli störfuðu vinnuhóparnir að sínum verkefnum og verkstjórnin hittist reglulega.

Samkvæmt erindisbréfi umbótanefndar var henni ætlað að rýna í

helstu niðurstöður skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og meta orð og verk Samfylkingarinnar í ljósi niðurstaðna hennar, rýna í stefnu Samfylkingarinnar á þeim lykilsviðum sem dregin eru fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem orsakavaldar eða rætur hruns fjármálakerfisins, rýna í starfshætti Samfylkingarinnar, ábyrgð og aðkomu stofnana flokksins að lykilákvörðunum og lykilmálum í ljósi niðurstaðna rannsóknarnefndarinnar.

Umbótanefndin athugaði einnig sérstaklega tiltekna þætti sérstaklega, svo sem aðkomu flokksmanna að stefnumótun og stöðumati, hvaða ráðgjöf stóð Samfylkingunni til boða og hvernig hún var nýtt, hvernig málefnaustarf og starf sérfræðihópa flokksins var nýtt, starfshætti Samfylkingarinnar í ríkisstjórn 2007–2009, aðferðir við val á framboðslista, reglur um styrki og fjárframlög, starfshætti og samskipti þingmannahóps frá 2007, og að lokum vinnubrögð í stofnunum Samfylkingarinnar og hversu lýðræðisleg þau vinnubrögð eru.

Tilgangur umbótatilagnanna er að auðvelda flokknum að taka á innri og ytri málum og styrkja þannig starf sitt með því að draga lærdóm af því sem á undan hefur farið. Í umbótastarfinu er gengið út frá því að „Samfylkingin stefni að áframhaldandi forystu í íslenskum stjórnmálum. Slíkur flokkur þarf að geta sannfært sjálfan sig um að undir hans forystu geti atburðarás á borð við þá sem olli íslenska hruninu ekki endurtekið sig. Aðeins þannig getur hann sannfært aðra.“ Niðurstöður umbótanefndar um það sem brást í flokksstarfinu sjálfu eru meðal annars þessar: Ekki var tryggt nægilegt upplýsingaflæði og sam-

råd meðal ráðherra flokksins, þingflokks, flokksstofnana og almennra flokksmanna. Setja hefði þurft ríkisstjórnarsamstarfinu strangari skilyrði og látið var hjá líða að setja reglur um takmarkanir á fjárframlögum og styrkjum til frambjóðenda í fjölda opinna prófkjara, sem er þvert á langvinna baráttu flokksins fyrir skýrum reglum um fjármál flokka og frambjóðenda.

Umbótanefndin ákvað að einskorða sig ekki við tímabilið 2007–2009 heldur fara aftur til upphafs flokksins og skoða einnig stefnumótunarvinnu sem fór fram á árunum 2003–2007, ásamt því að fara yfir ýmis átakamál innan flokksins. Umbótanefndin skilaði svo afrakstri vinnu sinnar í tvennu lagi. Í fyrsta lagi skýrslu með tillögum sínum til flokksstjórnar, sem má finna útprentaða og á heimasíðu Samfylkingarinnar. Í öðru lagi með því að halda fundi með öllum aðildarfélögum Samfylkingarinnar og kalla eftir viðbrögðum og ábendingum flokksmanna við skýrslunni.

Metnaðarfull fundarherferð var skipulögð, öll aðildarfélög Samfylkingarinnar voru heimsótt og tillögur og niðurstöður umbótanefndar teknar til umfjöllunar. Stóð fundarherferðin yfir frá janúar fram í apríl á þessu ári. Að lokinni fundarherferð var tillögum aðildarfélaganna safnað saman og þær lagðar fyrir flokksstjórnarfund í maí. Þar voru þær afgreiddar, eins og sjá má á vefsetri Samfylkingarinnar.

Gefið var loforð um að hrinda tillögum í framkvæmd og tók flokksstjórn að sér að vinna markvisst úr samþykktum flokksstjórnarfundarins um umbótastarfið. Þær verða afgreiddar núna á landsfundi. Flokksfélagar hafa því síðasta orðið.

### Skýrslur og skjöl úr umbótastarfinu



Gagnlegt getur verið að glugga þessi í skjöl við umræður um niðurstöður og úrvinnslu úr umbótastarfi Samfylkingarinnar

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis fjallar um aðraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Skýrslan var gefin út í bundnu formi en vefútgáfu skýrslunnar er ætlað að vera aðalútgáfa skýrslunnar, því þar birtist efni sem ekki er í hinni prentuðu útgáfu. Hana er að finna á

<http://rna.althingi.is/>

Skýrsla umbótanefndar Samfylkingarinnar er skipt í sex kafla, í hverjum og einum er dregin saman niðurstaða umbótanefndar og lagðar fram tillögur til úrbóta. Skýrsluna er að finna rafrænt á vef Samfylkingarinnar, en er einnig til útprentuð á skrifstofu Samfylkingarinnar.

[Sjá landsfundur.is](#)

Tillögur um lagabreytingar settar fram af framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar má finna á landsfundarsíðu Samfylkingarinnar, landsfundur.is. Þar eru lög Samfylkingarinnar og tillögur framkvæmdastjórnar um lagabreytingar, settar upp í dálkum hver við hliðina á öðrum og því auðvelt til samanburðar.

[Sjá landsfundur.is](#)

Lagabreytingatillögur Samfylkingarinnar frá félögum á Akureyri liggur fyrir um kjör fulltrúa í framkvæmdastjórn en lagt er til að í stað kosninga en lagt er til að í stað kosninga á landsfundi tilnefni kjördæmin sinn fulltrúann hvert. Eru rökin þau að tengja þurfi félögin og grasrótina betur við forystuna og brúa bilið milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins.

[Sjá landsfundur.is](#)

Lagabreytingatillögur frá málefnaþópi um samgöngu- og sveitarstjórnarmál. Lagt er til að innan flokksins starfi samráðsvettvangur sveitarstjórnarfulltrúa og þingmanna. Vettvangurinn í formi ráðs er í úr hópi sveitarstjórnar- og þingmanna. Markmiðið með þessu er að gott og náð samstarf og samráð sé á meðal kjörinna fulltrúa flokksins og styrki hann á landsvísu. [Sjá landsfundur.is](#)

Félagsmenn Samfylkingarinnar í Reykjavík hafa lagt fyrir nokkrar tillögur um lagabreytingar. Þar er meðal annars skert á stefnu og ábyrgð flokksins, lagt til að staðbundin aðildarfélög Uj teljist til grunneininga, hver sá sem náð hafi 16 ára aldri og greiði árgjöld geti verið félagi í Samfylkingunni og lagður er til sérstakur kafli um landshreyfingar flokksins. [Sjá landsfundur.is](#)





### *Föstudagur*

- ① 12.00 - 14.00  
Sveitarstjórnarráð, aðalfundur, gamli salur, 1. hæð t.v.
- ② 13.00 - 15.00  
Samtökin 60+, aðalfundur, salir 1 og 2, 2. hæð
- ③ 14.00 - 16.00  
Málefnanefndir, gamli salur, 1. hæð t.v.
- ④ 20.00  
Landsfundargleði, salir 1, 2 og 3, 2. hæð

### *Laugardagur*

- ⑤ 08.00 - 09.00  
Laganefnd, fundur, Lollastúka, 3. hæð
- ⑥ 10.00 - 11.50  
Atvinnumálanefnd, salur 1, 2. hæð
- ⑦ Efnahags- og viðskiptanefnd, aðalsalur
- ⑧ Jöfnuður og samfélagsþróun, aðalsalur
- ⑨ Lýðræði og mannréttindi, salur 2, 2. hæð
- ⑩ Mennta- og menningarmálanefnd, gamli salur
- ⑪ Sveitarstjórnarnefnd, aðalsalur
- ⑫ Umhverfisnefnd, aðalsalur
- ⑬ Utanríkis- og Evrópumálanefnd, aðalsalur
- ⑭ Velferðarnefnd, gamli salur, 1. hæð t.v.
- ⑮ 12.00 - 12.50  
Barátta gegn hatri og fordómum, salur 1, 2. hæð
- ⑯ Stefnumótun í málefnum eldri borgara, salur 1, 2. hæð
- ⑰ Sömu tækifæri - jöfn laun - atvinnumál, Lollastúka, 3. hæð
- ⑱ Tillögur stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá, 1. hæð t.v.
- ⑲ 15.30 - 16.30  
Málstofa Richard Wilkinson, salir 1 og 2, 2. hæð



# Jafnaðarstefnan beittasta vopnið gegn nýfrjálshyggjunni

Landsfundur Samfylkingarinnar er valdamesta stofnun flokksins. Samt getum við spurt okkur hvort þessi samkoma hafi haft umtalsverð áhrif á stefnu og verklag forystunnar. Við getum líka spurt hver sé hinn raunverulegi tilgangur samkomu af þessu tagi. Svörin eru margvísleg. Við höfum gaman af að hittast, bera saman bækur okkar, stilla saman strengina og gera nokkra liðskönnun. Við fjöllum um dægurmálin og reynum að móta afstöðu til þeirra málaflokka, sem miklu skipta um stjórn landsins á liðandi stund. Verkefni þessa fundar eru mikilvægari en nokkru sinni fyrr.

Eftir Árna Gunnarsson

**L**andsfundur Samfylkingarinnar er valdamesta stofnun flokksins. Samt getum við spurt okkur hvort þessi samkoma hafi haft umtalsverð áhrif á stefnu og verklag forystunnar. Það er bæði fróðlegt og gagnlegt, að bera saman ákvarðanir síðasta landsfundar, og framvindu þeirra og úrvinnslu til dagsins í dag. Við getum líka spurt hver sé hinn raunverulegi tilgangur samkomu af þessu tagi. Svörin eru margvísleg. Við höfum gaman af að hittast, bera saman bækur okkar, stilla saman strengina og gera nokkra liðskönnun. Við fjöllum um dægurmálin og reynum að móta afstöðu til þeirra málaflokka, sem miklu skipta um stjórn landsins á liðandi stund. Verkefni þessa fundar eru mikilvægari en nokkru sinni fyrr.

gulli og fjármunum í einkageymslum sínum, á meðan almúginn hefur búið undir fátæktarmörkum og einskis frelsis notið. Tveir kunnir bandarískir hagfræðingar hafa látið þá skoðun í ljós, að ef Bandaríkjamenn taka sér ekki til fyrirmyndar þjóðfélagsuppbyggingu norrænna þjóða, þá sé ekkert framundan annað en hrun og upplausn.

Framundan eru vatnaskil, uppgjör við óheftan kapitalisma, eina af þeim öfgastefnum, sem jafnaðarmenn hafa ávallt varað við og barist gegn. Af þessum ástæðum og fjölmörgum öðrum ber brýna nauðsyn til að efla umræðu um jafnaðarstefnuna. Það þarf að kynna betur og fræða hvernig henni má beita í framfarasókn til að jafna kjör, auka frelsi og samstöðu. Það er hlutverk jafnaðarmanna og annarra frjálslyndra stjórnmalaafla, að koma hömlulausum kapitalisma undir lýðræðislega stjórn, stöðva gengdarlaust arðrán á auðlindum, skipta upp fjölþjóðlegum fyrirtækjum í smærri einingar, skilja að bankastarfsemi í viðskipta- og fjárfestingabanka, koma endanlega í veg fyrir, að skattgreiðendur bjargi gjaldþrota bankastofnunum og fyrirtækjum, þar sem eigendur hafa hirt ágóðann, koma stjórn á bónusgreiðslur og loka skattaparadisum.

Það verður að vera meginmarkmið íslenskra jafnaðarmanna, að koma í veg fyrir, að fáránleiki hinnar stjórnlausu auðhyggju greiði götu fjármálamanna til að hafa þjóðina og eignir hennar að leiksoppi.

Þá verða jafnaðarmenn að koma þeirri staðreynd til skila, að skattar eru það verð, sem við greiðum fyrir að geta búið í síðuðu samfélagi.

Ef við ætlum að brjótast út úr núverandi kreppu, og koma í veg fyrir fleiri, þá verðum við að krefjast veigamikilla breytinga á íslensku samfélagi; tryggja eignarrétt þjóðarinnar á öllum auðlindum, herða allt regluverk fjármálalífsins, setja okkur nýja stjórnarskrá, treysta allar varnir í þágu náttúrunnar og hafa það hugfast í öllum okkar verkum, að þetta þing, eins og aðrar samkomur jafnaðarmanna, á að snúast um þá framtíð, sem við ætlum að móta í þágu afkomenda okkar.

Sjaldan, eða aldrei, hefur jafnaðarstefnan átt eins ríkt erindi við þjóðina. Hún er færasta leiðin til að kveikja áhuga og líf í því pólitíska tómarúmi, sem blasir hvarvetna við. Hún er jafnframt baráttutæki gegn öfgaöflum auðhyggjunnar og til varnar velferðarsamfélaginu. - Það er því ekki úr vegi að herða á umræðunni um þessa mögnuðu hugmyndafræði.

## Kynningarbásar

- 20 Kvennahreyfingin
- 21 Samtökin 60+
- 22 Ungir jafnaðarmenn

## Þjónusta, upplýsingar og fleira

- 23 Kjörstaður
- 24 Ritarar
- 25 Skráning
- 26 Svið
- 27 Veitingar

## Skortir umræðu um grunnildin

Ósjaldan hefur mér fundist á það skorta, að við ræðum þá hugmyndafræði, sem Samfylkingin kennir sig við og segir grundvöll sinn; þ.e. jafnaðarstefnuna. Við ræðum ekki nógu rækilega hlutverk jafnaðarstefnunnar í breyttum heimi, né hvernig við getum best framfylgt henni og beitt í baráttunni við aðrar stjórnmalastefnur. Við ræðum of lítið þá staðreynd, að jafnaðarstefnan er beittasta vopnið gegn þeirri stjórnlausu og óbeisluðu ófreskju nýfrjálshyggjunnar, sem hefur valdið alþýðu manna víða um heim ómældum hörmungum, stuðlað að vaxandi fátækt og meiri efnalegri stéttaskiptingu en þekkt hefur frá tímum lénsherranna. Þessi ófreskja er enn á ferðinni. Hún birtist okkur í botnlausri græðgi og minnskunarleysi peningaflanna, fjármála- og bankakerfum og vogunarsjóðum, sem stundum virðast valdameiri en lýðræðislega kjörnar ríkisstjórnir, og þyrma hvorki lífi né náttúru í óseðjandi hungri eftir meiri arði, meiri gróða.

## Vatnaskil í uppgjöri við óheftan kapitalisma

Þessi stjórnlausí kapitalismi hefur með auðvaldi sínu gengið svo hart fram, að heil þjóðfélög ramba á barmi gjaldþrots. Í Bandaríkjunum, helstu stjórnstöð kapitalismans, hefur fólk á öllum aldri staðið á Wall Street og á torgum fjölmargra borga og mótmælt skefjalausri auðsöfnun og misrétti, fjölþjóðlegu peningavaldi og spillingu. Þessi mótmæli hafa náð til um 150 borga innan og utan Bandaríkjanna, og einn af auðugustu mönnum landsins hefur kallað eftir því, að fá að greiða hærri skatta en skrifstofustúlkan hans. Í fjölmörgum löndum breiðast út byltingar gegn harðsvíruðum einvöldum, sem hafa hrúgað upp

# Farsæld jafnaðarsamfélaga Um bókina *The Spirit Level* eftir Richard Wilkinson og Kate Pickett.

Eftir Stefán Ólafsson

Vestræn samfélög hafa orðið mun ójafnari eftir 1980 en áður. Í reynd var umfang tekjuójafnaðar í Bandaríkjunum til dæmis svipað í aðdraganda kreppunnar miklu 1929 og í aðdraganda alþjóðlegu fjármálakreppunnar sem skall á 2007–2008.

Við þekkjum það líka af þróuninni á Íslandi fram að hrúni að ójöfnuður tekna og eigna jókst hér verulega. Raunar virðist aukningin hafa verið meiri hér frá 1995 til 2007 en

áður hefur sést í nokkru vestrænu samfélagi á jafnskömmum tíma. Viðbrögðin hér á landi voru þau að talsmenn þáverandi stjórnvalda og hátekuhópa neituðu að þetta gæti

verið að gerast þegar ábyggileg gögn þar um voru birt. Áróðursmeistarar þeirra fóru í mikla loftfímlaika við að afbaka staðreyndir svo hægt væri að fela hina raunverulegu þróun í átt til aukins ójafnaðar. Staðreyndirnar höfðu þó vinninginn og tala sínu máli. Ójöfnuður stórstjókst á Íslandi fram til 2007 en hefur síðan minnkað umtalsvert.

Í þessu samhengi er fróðlegt að velta fyrir sér hvort aukinn ójöfnuður skipti miklu eða litlu máli. Hægri menn hafa gjarnan talað fyrir auknu umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði og jafnvel reynt að færa að því rök að aukinn ójöfnuður geti verið gagnlegur fyrir hagvöxt. Slíkar röksemdir eiga þó betur við í kenningum og áróðurskrifum en í veruleikanum. Vinstrimenn og miðjumenn hafa hins vegar venjulega lagst gegn miklum ójöfnuði, þótt sjaldnast krefjist þeir algers jöfnuðar í skiptingu lífsgæða. Hóflægur jöfnuður/ójöfnuður er oftast markmiðið í stað óhófllegs ójafnaðar.

Bók Wilkinson og Pickett, *The Spirit Level – Why Greater Equality Makes Societies Stronger*, er athyglisvert framlag í þessu samhengi (fyrst útgefin 2009). Bókin sýnir gögn um

það hvernig samfélög með jafnari tekjuskiptingu standa yfirleitt betur en ójafnari samfélögin hvað lífsgæði þegnanna og minni félagsleg vandamál snertir. Í jafnari samfélögunum ríkir meira traust og betri tengsl milli íbúanna, þ.e. þar er meiri félagsauður, eins og Harvard-prófessorinn Robert Putnam ræddi um í nýlegum hátíðarfyrirlestri við Háskóla Íslands. Þar er líka almennt betra heilsufar, minni barnadauði og lengri lífaldur, betri lífsgæði barna, betri námsárangur, minna ofbeldi, minni fátæktarvandamál og minni afbrotavandamál. Einnig benda höfundarnir á að félagslegur hreyfanleiki er nú meiri í jafnari samfélögunum (t.d. í Skandinavíu) en í ójafnari samfélögunum. Það sætir tíðindum að nú á ameríski draumurinn meiri möguleika á að rætast hjá fólki úr lægri stéttum í norrænu velferðarríkjunum en í Bandaríkjunum sjálfum!

Um allt þetta og ýmislegt fleira má lesa í bókinni. Margar aðrar rannsóknir hafa sýnt að norrænu velferðarríkin koma betur út í alþjóðlegum samanburði um flesta þætti lífsgæða en ójafnari samfélög eins og Bandaríkin og Bretland.

Bókin hefur þó verið gagnrýnd, einkum fyrir tilhneigingu höfunda til að segja beint orsakasamband vera milli aukins ójafnaðar og ýmissa samfélagslegra meinsemda. Líklegra er að orsakanna sé frekar að leita í sameiginlegum forsendum, svo sem langtíma áherslum stjórnvalda á uppbyggingu velferðarríkisins og endurdreifingu tekna gegnum skatta- og bótakerfi. Hveru tveggja virðist mjög vel fallið til að efla félagsauð, bæta lífsgæði fjöldans og stuðla að betri virkni samfélagsins fyrir alla.

Niðurstaða höfunda um að mikill ójöfnuður fari yfirleitt saman við margvíslegar meinsemdir í samfélaginu er afar mikilvægur leiðarvísir um sumt af því sem ber að varast, ef stjórnvöld vilja ná árangri við að bæta lífsgæði fjöldans. Bók Wilkinson og Pickett er því þarft framlag til þýðingarmikillar umræðu um framtíðarstefnuna.

Richard Wilkinson heldur erindi um áhrif tekjuójöfnuðar á samfélög á landsfundi Samfylkingarinnar 2011, laugardaginn 22. október kl. 13–14, „Hvers vegna er jöfnuður betri fyrir samfélagið?“. Fyrirlesturinn verður haldinn á ensku og er öllum opinn.

## Reykjavík ♥

matur, skemmtanir, viðburðir  
og annað áhugavert

SUNDHÖLLIN // Barónsstíg 101 Rvk Sími: 411 5350

### Heitt það yfir helgina

Sundlaugar Reykjavíkur eru sjö talsins og allar opnar um helgar. Sundhöllin, sem er næst landsfundi, er opin frá 8–16 á laugardögum og 10–18 á sunnudögum. Laugardagslaugin er opin lengst, en hún er opin frá 8–22 allar helgar. Ekki amalegt að láta daginn líða úr sér í heitum potti eða hefja daginn á góðum sundspretti.

LISTASAFNEINARS JÓNSSONAR // Eiríksgötu

### Listunnendur

Listasafn Reykjavíkur er í raun þrjú söfn, í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni við Sigtún. Söfnin eru opin frá 10–17 alla daga, nema Ásmundarsafn, sem opnar kl. 13. Ýmsar sýningar standa yfir og má m.a. nefna teikningar Erró í Hafnarhúsinu. Þá er Listasafn Einarssonar við Eiríksgötu í göngufjarlægð við landsfundinn. Er safnið opið frá 14–17 en bakgarður safnsins þar sem höggmyndir Einar Jónssonar standa er alltaf opinn.

BORGARLEIKHÚSIÐ // Listabraut 3

### Leiksýningar

Vert er að kynna sér hvað er að gerast í leikhúslífi borgarinnar, en margar sýningar standa yfir sem höfða jafnt til ungra sem aldna. Fyrir pólitískt þenkjandi fólk er farsinn Nei ráðherra góður kostur sem sýndur er í Borgarleikhúsinu. Þá er einnig söngleikur með Margréti Eir í Tjarnarbió.

SUNDHÖLLIN // Barónsstíg 101 Rvk Sími: 411 5350

### Kvikmyndahús

Af nægu er að taka í kvikmyndahúsum. Endurgerð Footloose er auðvitað must-see fyrir alla sem hafa séð fyrri myndina oft og dansað með í stofunni. Þá mælum við sérstaklega með Bíó Paradís við Hverfisgötuna. Þar er hægt að fá sér kaffi og köku og fletta í blöðunum fyrir eða eftir sýningu – eða bara einn ískaldann. Þar er m.a. sýnd íslenska myndin Jón og séra Jón.

JAFNRÉTTISDAGAR H.Í. // Málstofa í Nýló Skúlagötu

### Málstofa

Málstofan Jafnréttisdaga HÍ, tímaritsins Endemi og Nýlistasafnsins um kvenlæga aðkomu að listsköpun og menningu og kanna sögulega karllæga slagsíðu í menningu. Fjórir frummælendur verða með erindi, þau; Ragnhildur Jóhann, Áslaug Einarsson, Hlynur Helgason & Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. Fjallað verður um tímaritið Endemi, tímarit um menningu og listir sem eingöngu fjallar um listsköpun kvenna. Áslaug Einarsson, meistaranemi í mannfræði fjallar um tengingu femínsima og sköpunargleði. Þá mun Dr. Hlynur Helgason myndlistamaður og heimspekingur fjalla um kvenlæga sýn á samfélagið út frá völdum listakonum.

### Stuttar pásur utandyra

Margar fallegar gönguleiðir eru í Reykjavík fyrir þá sem vilja anda að sér fersku lofti á milli fyrirlestra og funda. Öskjuhlíðin er skotstund frá landsfundi þar sem hægt er að þræða göngustíga meðfram hlíðinni eða ganga að Nauthólsvík og meðfram Ægissíðunni. Laugardalurinn er ekki langt undan, þar er grasagarður og fjölskyldu- og húsdýragarður og gaman er að ganga um gömlu þvottalaugarnar. Þar er einnig skautahöll fyrir þá sem vilja renna sér á svellinu og svo eru ótal hlaupaleiðir í dalnum.

## Ísland í Evrópu

– Staða aðildarviðræðna og næstu skref

Laugardaginn 22. október  
kl. 17.00

Össur Skarphéðinsson,  
utanríkisráðherra

Margrét Kristmannsdóttir,  
formaður SVP

Kristín Soffía Jónsdóttir,  
umhverfisverkfraeðingur

Guðmundur Gunnarsson,  
rafiðnaðarmaður

Ætla að ræða stöðu aðildarviðræðnanna og mikilvægi Evrópusambandsaðildar fyrir Ísland. Stjórnandi umræðna að loknum framsögum verður Baldur Þórhallsson formaður Evrópuvaktar Samfylkingarinnar.

Hádegisfundir Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Sólon hafnir að nýju: Björn Sigurbjörnsson fyrrv. ráðuneytisstjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytin ræddi áhrif ESB-aðildar á íslenskan landbúnað á fyrsta þriðjudagsfundinum í vetur á Sólon þann 18. október. Gylfi Magnússon fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra mætir á næsta fund Evrópuvaktarinnar þriðjudaginn 1. nóvember og ræðir efnahagsmál. Fundirnir eru haldnir hálfsmánaðarlega á Kaffi Sólon (efri hæð) í Bankastræti, Reykjaví standa frá kl. 12.00 til 13.00 og eru öllum opinn.

Allir velkomnir

xs.is

Umgjörð um starfsemi og fjármálstjórnmalaflokkanna hefur verið gjörbreytt.

Skuldatryggingarálag Íslands er komið í 300 punkta úr 1300. Verðbólgan er komin í 5,7% úr 18,6% og stýrivextir eru komnir í 4,5% úr 18%.

Sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á heimilum fyrir börn hafa verið greiddar.

Málefni fatlaðra hafa verið flutt yfir til sveitarfélaganna.

Ný sveitarstjórnarlög hafa verið samþykkt sem fela í sér aukið íbúalýðræði og gera auknar kröfur um ábyrga fjármálastjórnun hjá sveitarfélögum.

Ný lög hafa verið sett um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Ein hjúskaparlög fyrir alla landsmenn hafa tekið gildi. Þá hefur verið skipuð nefnd til að vinna að réttarúrbótum fyrir transfólk. Nefndin á m.a. að skoða regluumhverfi varðandi breytingar á nafni og kyni í þjóðskrá, sem og um aðgerðir til leiðréttingar á kyni, og á að skila tillögum sínum til velferðarráðherra fyrir lok árs 2011.

Ný húsnæðisstefna, sem miðar að því að fjölga raunhæfum valkostum í húsnæðismálum, hefur verið mótuð.

Sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar hafa verið kortlögð.

Endurskoðun á fiskveiðilöggjöfnni er í farvegi með það að markmið að tryggja forræði og aukin arð þjóðarinnar á auðlindinni. Strandveiðar hafa einnig verið leyfðar.

Niðurskurður og skattahækkanir voru sársaukafullir fylgifiskar hrunsins, en um leið nauðsynlegir svo takast mætti að stöðva skuldasoöfnun ríkisins og snúa stöðunni í ríkisfjármálunum við. Nú þegar má greina merki um aukna velsæld og þannig má segja að erfiðið sé farið að skila árangri. Þrátt fyrir þennan viðsnúning reyna andstæðingar stjórnarinnar allt til að tortryggja árangurinn og sá fræjum efasemda, ekki síst hvað varðar skattheimtu ríkisins. Hér á að aftan eru nokkrar staðreyndir sem varpa ljósi á hina raunverulegu stöðu mála.

## VISSIR ÞÚ?

... að frá 2008 hefur tekjuskattur einstaklinga lækkað hjá 60-70% hjá gjaldenda. 85 þúsund manns greiða lægra hlutfall af sínum tekjum árið 2010 en árið 2008. Skattar, sem hlutfall af landsframleiðslu, lækka á milli ára og hafa í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur aldrei verið hærra hlutfall af landsframleiðslu en þeir voru í góðæristíð ríkisstjórnar framsóknar- og sjálfstæðismanna.

... að það er ekki rétt að fjárlagafrumvarpið feli í sér breytingar á tekjuskatti næsta árs þannig að launþegar færast fyrr milli skattþrepa og greiði þar af leiðandi hærri skatt en annars hefði verið. Engar breytingar eru boðaðar í þessa veru, enda kom það skýrt fram í kynningu fjármálaráðherra að ekki verði hróflað við almennum skattstofnum út kjörtímabilið. Hins vegar mun sú hækkun á mörkum skattþrepa sem átti að fylgja launavísitölu í staðinn fylgja almennri hækkun á bótum og öðrum millifærslum, eða um 3,5%. Mörkin milli þrepanna hækka og þeir sem hafa tekjur á því bili sem mörkin færast um greiða lægri skatt af sömu upphæð en þeir gera í ár.

... að það er ekki rétt, sem Morgunblaðið hefur haldið fram, að fjárlagafrumvarpið 2012 beri með sér skattahækkanir á svokölluð krónutölugjöld, þ.e. þau vörugjöld sem eru föst krónutala á magneiningu. Gjöldin eru uppfærð miðað við verðlag til þess að þau haldi raungildi sínu.

... að brugðist var við efnahagskreppunni hér á landi með því að fara leið jafnaðar, en hún hefur tryggt að byrðarnar hafa verið bornar af þeim sem meira mega sín. Víða annars staðar, s.s. á Írlandi og Bretlandi, hafa lágmarkslaun verið lækkuð, skattleysismörk lækkuð og bætur lækkaðar. Með öðrum orðum: Þeir sem allra minnst mega sín hafa þar borið kostnaðinn af þjóðnýtingu gjaldþrota bankakerfis.

... að 57% af því 14% aðhaldi sem ríkissjóður hefur þurft að ganga í gegnum frá hruni er komið til vegna niðurskurðar útgjalda en 43% vegna aukinna tekna. Í þessum viðamiklu aðgerðum hefur tekist að verja velferðarkerfið að mestu. Sú staðreynd blasir við að þrátt fyrir niðurskurðinn eru útgjöld til velferðarmála hærri nú en þau voru fyrir hrun - í góðæristíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

... að bætur almennatrygginga og atvinnuleysisbætur voru hækkaðar um 8,1% frá 1. júní og að gert er ráð fyrir að þær hækki um 3,5% til viðbótar á næsta ári. Fjárlagafrumvarpið byggir á júlispá Hagstofunnar sem gerir ráð fyrir 3,9% verðbólgu milli 2010 og 2011 og 3,7% til 2012, sem gerir 7,7% uppsafnað. Nýrri spá Sí felur í sér 9,5% hækkun. Því er uppsöfnuð hækkun bóta mun hærri en spá um verðbólgu.

... að hlutur vörugjalda er nú um 26,5% í útsöluverði bensíns og 23,3% í útsöluverði díselolíu, sem er lágt í sögulegu samhengi. Sé kolefnisgjald og virðisaukaskattur tekinn með í reikninginn er heildarhlutdeild skatta í útsöluverðinu enn fremur lægri um þessar mundir en hún hefur verið um árabil, að undanskildu nokkurra mánaða tímabili á árinu 2008, eða um 48,5% fyrir bensín og 45,5% fyrir díselolíu.

... að í maí treystu bæði Íslendingar og íbúar í ESB-ríkjunum 27 Evrópusambandinu betur en eigin ríkisstjórn og þjóðþingi. Á sama tíma báru Íslendingar meira traust til eigin stjórnvalda en íbúar ESB-landanna gera að meðaltali. Þannig mældist traust til ríkisstjórnar 36% á Íslandi en 33% að meðaltali í ESB-ríkjunum. Traust til þjóðþingsins mældist 36% á Íslandi en 33% að meðaltali í ESB-löndunum. Traustið til Evrópusambandsins mældist hins vegar ívið hærri, eða 41%, bæði á Íslandi og í ESB-ríkjunum.

LÁTTU ÞÉR  
LÍKA VIÐ  
OKKUR ...

SffR er á Facebook

Samfylkingarfélagið í Reykjavík  
[www.facebook.com/Samfylkingarfelagid](http://www.facebook.com/Samfylkingarfelagid)

VIÐTAL

## VINSTRIBLOKK Í NÆSTU KOSNINGUM

„Ég get vel séð fyrir mér að Samfylkingin og VG starfi saman eftir kosningar árið 2013,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar spurð álits á ríkisstjórnarsamstarfinu við Vinstri græna. „Ég er sannfærð um að íslenskt þjóðfélag væri á margan hátt öðruvísi, og að hér hefði ekki þróast sá ójöfnuður og óréttlæti sem við sáum í valdatíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, ef jafnaðarmenn hefðu verið við stjórnvölinn. Það skiptir máli að núverandi stjórnarflokkar byggja sína hugmyndafræði á jöfnuði og réttlæti. Það er inntakið í stefnu bæði Samfylkingarinnar og VG. Þetta er límið í samstarfinu og forsenda endurreisnarinnar.“

Jóhanna segist ekki hafa séð annað fyrir sér en ríkisstjórnarsamstarf við VG eftir hrun. „Í mínum huga kom aldrei til greina að starfa með Sjálfstæðisflokknum enda hugmyndafræði flokksins hrunin, og flokksins beið ekkert annað en löng og ströng endurhæfing á stjórnarandstöðubekknunum. Samfylkingin og VG eru flokkarnir sem eiga mest sameiginlegt. Þótt flokkarnir hafi vissulega tekist á í atvinnumálum hefur ríkisstjórnin skilað góðum og mælanlegum árangri. Verðbólgan hefur lækkað úr 18,6% í 5,7%, vextir hafa lækkað úr 18% í 4,5% og við erum farin að sjá hagvöxt og kaupmátt vaxa á ný. Atvinnulífið er að taka við sér, þótt mörgum finnist hlutirnir ekki vera að gerast nógu hratt. Ríkisstjórnin hefur sett umfangsmiklar framkvæmdir í gang og lagður hefur verið grunnur að auknum fjárfestingum og framkvæmdum í atvinnulífinu sem á eftir að skila sér í bættum kjörum á næstu misserum. Ég hef trú á því að við náum markmiðunum sem við settum okkur um langtímakjarasamninga. Það er að atvinnuleysið fari niður í fjögur til fimm prósent í lok ársins 2013 og kaupmáttur vaxi.“

**Þingmenn stjórnar-  
andstöðunnar eru  
orðnir órólegir og þeir  
sjá að þessi ríkisstjórn  
virðist að mestu  
komin í gegnum  
erfiðustu verkefnin  
tengd hruninu.**

”

Jóhanna nefnir þróun á skattbyrði í valdatíð Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks sem dæmi um að áherslur hægriflokkanna séu gjörólíkar þeim sem ríkisstjórn vinstri flokkanna setji í forgang. „Þróunin var hrikaleg. Öllu var snúið á hvolf og þeir sem höfðu það best voru þeir sömu sem fengu skattalækkanir. Það var á meðan þeir sem minnst áttu fengu allar skattahækkarnir. Þessari þróun hefur ríkisstjórnin gjörsamlega snúið við. Svo tala þessir flokkar um skattþíningu og að við höfum hækkað skatta. Ríkisstjórnin hefur þurft að skera niður og auka tekjur til að takast á við riflega 260 milljarða fjárlagagat. Það höfum við gert á sama tíma og sextíu til sjötíu prósent skattgreiðenda greiðir lægra hlutfall tekna í tekjuskatt en þeir gerðu fyrir hrun. Þetta þýðir að um áttatíu og fimm þúsund manns greiða lægra hlutfall en áður,“ segir Jóhanna og bætir við að á sama tíma hafi miklum fjármunum og krafti verið varið til velferðarmála. „Það hefur verið okkar forgangsmál að verja velferðarkerfið og snúa við þeim ójöfnuði sem hér þróaðist. Það hefur tekist vel, þótt ég segi sjálf frá. Frá 1. febrúar á næsta ári hafa lágmarksbætur frá lífeyrissjóðum hækkað um rúm sextíu prósent síðan ég varð félagsmálaráðherra árið 2007 og á sama tíma hafa lágmarkslaun hækkað um fimmtíu prósent.“ Jóhanna segir Íslendinga hafa haft aðrar áherslur en önnur lönd sem þurfa að takast á við kreppu. „Írar fóru allt aðra leið. Þar voru lægstu launin lækkuð, dregið úr almannatryggingum og persónuafslætti. Við gerðum þveröfugt og hækkuðum lægstu laun. Stóðum vörð um almannatryggingakerfið og hækkuðum persónuafsláttinn.“

Meirihlutasamstarf flokkanna hefur ekki verið áreynslulaust, þrátt fyrir sameiginleg stef í stefnuskrám þeirra. Þrjú þingmenn Vinstrihreyfingarinnar –græns framboðs hafa yfirgefið



Mynd: Pressphotos.biz

stjórnarsamstarfið og styðja ekki ríkisstjórnina. Á grundvelli stjórnarsáttmálans hefur verið sótt um aðild að Evrópusambandinu, sem hefur verið eitt helsta baráttumál Samfylkingarinnar nánast frá stofnun. Þingmenn VG greiddu flestir atkvæði með umsókninni en flokkurinn er andvígur aðild og mun væntanlega tala gegn þeim samningi sem kosið verður um. Þá er VG andvíg verið Íslands í Atlantshafsbandalaginu og tekur engan þátt í starfi þess. Samfylkingin er fylgjandi aðild og á þar samleið með flokkum stjórnarandstöðunnar. Þá hefur meirihlutinn tekist á við langan lista erfiðra mála: Samstarfið við Alþjóða-gjaldeyrissjóðinn, Icesave, loftárásir í Lýbú, breytingar á kvótakerfinu, sölu HS Orku og þrepaskiptingu skattkerfisins en um þá breytingu var ekki einhugur innan Samfylkingarinnar.

Jóhanna segir vissulega rétt að samstarfið hafi stundum verið erfitt og tekið á. Þannig hefði það alltaf orðið, sama hverjir hefðu stjórnað í kjölfar hrunsins. Flokkarnir hafi sett sér stór verkefni og tekið afstöðu til erfiðra mála. „Við vissum að umsóknin að Evrópusambandinu yrði erfið og umdeild. Þar gerðum við einfaldlega samkomulag sem tryggði að sótt yrði um, en um leið hafa flokkarnir óbundnar hendur í afstöðu sinni til aðildar. Annað risavaxið verkefni sem við höfum ekki náð að ljúka, en stefnt er að í vetur, eru breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Ef þessi ríkisstjórn nær ekki að breyta kvótakerfinu þá verður það varla gert á næstunni. Sérstaklega ef svo fer að Samfylkingin og VG verði ekki í meirihluta eftir næstu kosningar. Það eru fyrst og fremst þessir tveir flokkar sem vilja breyta kvótakerfinu,“ segir Jóhanna og bætir við að sama gildi um nýja stjórnarskrá. Samfylking

og VG séu ásamt Hreyfingunni þeir flokkar sem fyrst og fremst vilja fá nýja stjórnarskrá. „Stjórnlagaráð hefði aldrei náðst fram í meirihluta með Sjálfstæðisflokkinn innanborðs. Við erum að sjá til þess að fólkið ráði hvernig ný stjórnarskrá á að vera. Það eru risavaxnar breytingar og alveg ljóst að þær hefðu ekki náðst fram í neinu öðru meirihlutasamstarfi.“

### Taugaveikluð stjórnarandstaða

Jóhanna segist finna fyrir sífelld meiri taugaveiklun hjá stjórnarandstöðunni. „Þingmenn stjórnarandstöðunnar eru orðnir órólegir og þeir sjá að þessi ríkisstjórn virðist að mestu komin í gegnum erfiðustu verkefnin tengd hruninu. Árangurinn sýnir sig í vaxandi mæli dag frá degi. Ekkert bendir til annars en að ríkisstjórnin sitji út kjörtímabilið og ljúki sínum metnaðarfullu verkum. Þeir sem





## SAMFYLKING SEM SAMSTARFS- FLOKKUR.

Samfylkingin starfar víða í meirihlutasamstarfi. Hæst ber auðvitað ríkisstjórnarsamstarfið við Vinstri græn, en fast á hæla þess fylgir samstarfið við Besta flokkinn í Reykjavík. Hér er um ólíka flokka að ræða. Og ólíkar aðstæður. Annars vegar leiðir Samfylkingin ríkisstjórn þar sem forystufólkið býr yfir áratuga reynslu af stjórnámálum. Hins vegar er hún minni flokkurinn í borgarstjórnarmeirihluta sem stýrt er af fólki sem flest hefur litla sem enga reynslu af stjórnámálum. En hvernig er að vinna með Samfylkingunni? Hnefinn og rósín hitti Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra og Heiðu Kristínu Helgadóttur framkvæmdastýru Besta flokksins og spjallaði við þau um samstarfið.

**Mitt mat, eftir langa reynslu af stjórnámálum, er að þvert á umræðuna þá verða stjórnámálamenn einmitt stórir þegar þeir sýna að þeir eru tilbúnir að miðla málum.**

”



Mynd: Norden.org

VINSTRI GRÆN

# TEIKN TIL VARANLEGS SAMSTARFS

„Það er hægt að ganga af mjög mörgum mýtum dauðum með núverandi stjórnarsamstarfi,“ segir Steingrímur J. Sigfússon formaður VG og fjármálaráðherra. Hann segir stjórnarflokkana hafa sögulegt tækifæri sem fyrstu raunverulegu vinstri stjórnina. „Tökum mýtuna um að hægrimmenn hafi meira vit á fjármálum en vinstri menn. Það er nú að sannast að það er einmitt öfugt. Eða mýtuna um að vinstri menn geti aldrei unnið saman. Við sem erum búin að bíta okkur í gegnum ótrúlegustu hluti í ríkisstjórnarsamstarfinu. Margar stjórnir væru löngu sprungnar í þessu árferði.“

Steingrímur segir þau Jóhanna Sigurðardóttur forsætisráðherra eiga gott og náðið samstarf. „Samstarfið hefur gengið mjög vel og ég held að okkur hafi auðnast að bera aldrei neinn ágreining á torg. Slíkt er auðvitað mikilvægt fyrir formenn stjórnarflokka enda gefur það gott fordæmi. Svo þekkjumst við Jóhanna vel eftir langt samstarf og samveru í stjórnámálum. Segja má að bæði séum við nokkuð lífsreyni á þessum vettvangi og það held ég að hafi ekki spilt fyrir.“

Jóhanna var um tíma gagnrýnd mikið fyrir að ræða lítið við fjölmiðla. Oft hefur því verið haldið fram að þú sért hinn eiginlegi talsmaður ríkisstjórnarinnar. Hefur slíkt tal valdið spennu í samstarfi flokkanna?

„Ég hef aldrei orðið var við að þetta hafi áhrif eða valdið núningi. Ég hygg nú að það sem hefur áhrif á þetta sé að á mínum herðum eru mörg stór og erfið mál. Sumpart eru það umdeild mál sem tengjast aðstæðum. Þetta hlýtur auðvitað að gerast í efnahagsferfiðleikum. Verið er að endurfjármagna banka, taka þarf erlend lán og vinna í samstarfi við erlenda aðila á sviði ríkisfjármála. Við slíkar aðstæður verða fjármálaráðherrar mjög áberandi. Ég efast til dæmis um að nokkur vissi hver Evangelos Venizelos fjármálaráðherra Grikklands væri ef Grikkir væru ekki að etja við sinn vanda,“ segir Steingrímur.

## Alþýðubandalagið er víða

Flokkarnir tveir, Samfylking og VG sem nú starfa saman í ríkisstjórn, eru afurðir sameiningartilraunar vinstri flokkanna á Íslandi. Innan Alþýðubandalagsins var ekki einhugur um „samfylkingarleiðina“ eins og það var kallað. Því er gjarnan haldið fram að persónuleg óvild og erum fyrsti flokkurinn á Íslandi sem skilgreinir sig sem grænan. Síðan er auðvitað umtalsverður ágreiningur í utanríkismálum. Þegar kemur að áherslum í velferðar- og félagsmálum þá er mjög stutt á milli flokkanna og ég tel að þeir hafi nálgast hvor annan í gegnum þetta samstarf. Sérstaklega tek ég eftir því að ungt fólk í flokkunum vinnur mjög vel saman og upplifir sig ekkert endilega mjög ósammála,“ segir Steingrímur.

„Ég finn ekki fyrir því að tilfinningasemi vegna einhvers sem gerðist fyrir tíu árum hafi truflandi áhrif núna. Það er auðvitað skemmtileg söguleg staðreynd að gamla Alþýðubandalagið á nokkuð góðan fjölda fulltrúa í stjórninni. Þar vinnum við með mörgum fyrrverandi flokksfélögum sem nú eru ráðherrar í Samfylkingunni. Reyndar er Alþýðubandalagið ótrúlega sýnilegt víða í stjórnámálum og á fulltrúa í fleiri en einum og fleiri en tveimur flokkum.“

## Færumst til blokkastjórn mála

„Ég er bjartsýnn á að ríkisstjórnarsamstarfið sé teikn til varanlegs samstarfs flokkanna vinstra megin við miðjuna, og tel líklegt að í framtíðinni stilli þessir flokkar sér upp saman sem valkosti í ríkisstjórn. Þá værum við að færa okkur yfir í einhverskonar blokkastjórn mála sem ég tel betra og lýðræðislegra en að allir hafi alltaf frjálssar hendur um stjórnarmyndun. Helst yrði þó að tjóðra miðjuna og neyða hana til að gefa eitthvað upp um hvaða samstarf flokkurinn sæi sem valkost. Annars getum við lent í þeirri stöðu að litlir miðjuflokkar hafi algjörlega frjálst val og verði gríðarlega valdamiklir. Það yrði ekki gott,“ segir Steingrímur og bætir við að farsælast yrði að stilla saman samstilltri vinstri blokk sem stefndi á hreinan meirihluta.

## Evrópumálin erfið

Af löngum lista umdeilda mála á dagskrá ríkisstjórnarinnar eru Evrópumálin líklega umdeildust. „Við höfum fært fórnir í þessu samstarfi og það hefur verið VG erfitt. Aðildarviðræður við Evrópusambandið eru ekki vinsælar meðal margra okkar stuðningsmanna og það hefur tekið á. Það var hins vegar niðurstaðan þegar samstarf við Samfylkinguna var rætt að þetta væri grundvöllur fyrir samstarfinu. Að lokum var samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnarinnar samþykkt í flokksráði VG, þar sem kemur fram að viðræður verði hafnar en að báðir flokkar fari í þær viðræður með óbundnar hendur um afstöðu til aðildar,“ segir Steingrímur og bætir við að Samfylkingin hafi komið til móts við umhverfisstefnu VG. „Við höfum haldið fast utan um okkar stefnu í umhverfismálum. Að sjálfsögðu ætlumst við til þess að Samfylkingin sýni því skilning að þar er um grundvallarmálaflokk að ræða fyrir okkar hreyfingu.“

## Afturhaldskommatittir, undanrennusósíalistar og stórir stjórnámálamenn

„Mitt mat, eftir langa reynslu af stjórnámálum, er að þvert á umræðuna þá verða stjórnámálamenn einmitt stórir þegar þeir sýna að þeir eru tilbúnir að miðla málum. Það gengur ekkert að vinna ef menn stjórnast af botnlausri eigingirni í sína þágu. Þú verður að horfa á heildarhagsmunum og vera tilbúinn að leggja þitt af mörkum til samstarfsins. Það verður einfaldlega þreytandi að starfa með þeim sem eru svo einhliða að þeir fara fram á hjálp og stuðning frá þér en eru svo ekki tilbúnir að leggja neitt til á móti,“ segir Steingrímur um leið og hann bætir við að hlutskipti formanna stjórnámálaflokka sé einmitt að gefa mikið af sér og taka mikið á sínar herðar. „Við getum ekkert endilega reiknað með því að fá það endurgreitt. Það er bara hlutskipti okkar. Þeir sem skilja það ekki eiga ekki að gefa kost á sér til forystu í stjórnámálum.“

Steingrímur segist ekki nálgast samstarf flokkanna út frá prósentum eða vogarskálum þess hvor flokkurinn fái meira af sínum málum í gegn. „Samstarf snýst ekkert endilega um að veга og meta á vogarskálum. Að á annari vogarskálinni séu 500 grömm en aðeins 350 á hinn. Þetta á ekki að vera þannig. Fyrst verður fólk að ákveða hvort það vill vinna saman að ákveðnum verkefnum og leysa svo úr umdeildari málum.“

## Ríkisstjórnin lifir og lifir

Steingrímur segir grasrótna límið í samstarfi flokkanna. Baklandið, sem ítrekað hamri á ráðherrum og þingmönnum að halda áfram og gefast ekki upp. „Það eru stöðugt skilaboðin sem við fáum á fundum félaganna innan VG, þótt deilt sé um ýmislegt. Skilaboðin eru ávallt á þessa leið: Haldið áfram og ekki voga ykkur að gefast upp,“ segir Steingrímur. Hann vill meina að ráðherrar, þingmenn og flokksmenn finni fyrir sterkri sögulegri ábyrgð. Efnahagshrunið skiptir að hans mati líka máli. Það hafi ef til vill meiri áhrif en margir geri sér grein fyrir, enda sé þörf áminningu í því falin. „Menn þurfa ekki annað en að setjast niður með sjálfum sér í smástund og velta fyrir sér afleiðingunum af stjórnarhátum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. Það þarf ekki langa ihugun til að komast að þeirri niðurstöðu að þá viljum við alls ekki sjá komast aftur til valda. Það þjappar hópnum auðvitað saman. Það er svo augljóst hverjan afleiðingarnar verða ef okkur misheppnast.“





BESTI FLOKKURINN

## PARTUR AF MENNINGUNNI AÐ ÝTA UNDIR ÓÖRYGGI

Óhætt er að fullyrða að meirihlutasamstarf Besta flokksins og Samfylkingarinnar sé óvenju náð. Flokkarnir hafa ekki deilt opinskátt í fjölmiðlum og lítið virðist um hugmyndafræðilega árekstra. Utan frá hefur samstarfið þótt svo náð að Dagur B. Eggertsson oddviti Samfylkingarinnar hefur oft verið kallaður oddviti Besta flokksins, í háði.

Mynd: Pressphotos.biz

„Ljótur partur af stjórnámenningunni og þeim pólitíska leik sem margir leika er einmitt sú aðferð að vera sífellt að ýta undir óöryggi og koma þeim hugmyndum að hjá fólki að stjórn má séu alltaf óheiðarleg. Að allir séu svo siðlausir og að ekki sé hægt að treysta eða vinna með neinum,“ segir Heiða Kristín Helga-dóttir stjórnáfræðingur og framkvæmdastýra Besta flokksins. „Mín tilfinning er sú að þetta hafi verið taktík. Að hamra á því að ekkert sem við gerðum væri nýtt eða best. Hluti af herkenskunni var að stilla okkur upp sem framlengingu af Samfylkingunni, líklega vegna þess að okkur ætti að líða svo illa yfir því,“ segir Heiða sem telur þetta vera eina afleiðinguna af átaka- og ofbeldisstjórnámalum. Deilur séu talaðar upp á meðan náð og heiðarlegt samstarf sé gert tortryggilegt. Spurð hvort Bestafólki líði illa yfir því að vera líkt við Samfylkinguna segir hún svo ekki vera. „Ég sé mun á okkar fólki og þeim sem eru í Samfylkingunni. Þetta var eins og ég segi bara taktík sem gekk út á að ýta undir óöryggi“ segir Heiða og bætir við að fulltrúar Besta flokksins hafi lært mikið af því að starfa með Samfylkingunni. „Ég held að Samfylkingin hafi líka lært mikið af okkur.“

### Besti flokkurinn og Samfylkingin

Ólíkt Samfylkingunni hefur Besti flokkurinn ekki formlegar flokkstofnanir eða aðildarfélög. Starfið byggist á óformlegum tengslum þrjátíu til fjörutíu manna kjarna sem hittist á reglulegum fundum sem kallaðir eru samviskufundir. „Ég er eini starfsmaður flokksins og hef það hlutverk að ganga úr skugga um að við öll séum við á sömu blaðsíðu.“

Til samanburðar hefur Samfylkingin tæp tíu aðildarfélög sem starfa með einum eða öðrum hætti í Reykja-

vík, þótt misvirk séu þau. Þar hefur flokkurinn meðal annars borgarmálaráð og fulltrúaráð. Félagsmenn Samfylkingarinnar á landsvísu eru samkvæmt félagaskrá um tuttugu þúsund, þótt margir efast um að sú tala sé raunverulega svo há. Samfylkingin heldur landsfund annað hvert ár, en þess á milli fer flokkstjórn með æðsta vald flokksins.

Heiða segir Besta flokkinn eiga við ákveðið vandamál að stríða þegar kemur að þátttöku almennings í stefnumótun hans. „Við erum í sjálfu sér frekar lokaður hópur. Það er ekki endilega vegna þess að við viljum það. Málin hafa fyrst og fremst æxlást þannig vegna þeirrar stöðu sem við erum í og sáum ekki fyrir. Allt í einu er flokkurinn kominn inn í ráðhús og í meirihluta með sex fulltrúa. Það var einfaldlega ógerlegt að komast inn í öll störf og verkefni en ætla sér um leið að búa til opin og lýðræðislegan flokk alveg frá grunni. Undirbúningur fyrir framboð Besta flokksins á landsvísu sé annars eðlis en fyrir borgarstjórnarkosningarnar síðustu. „Fyrir landsframboðið erum við að velja því fyrir okkur hvernig það gangi fyrir sig að stofna flokk og hvað sé eðlilegur vettvangur í stjórnámalum. Hvernig eru flokkarnir í dag? Hvernig þjóna þeir tilgangi sínum og hvernig gera þeir það ekki? Ásamt því að skoða rækilega hvernig stjórnámalaflokk við viljum sjá og hvernig stjórnámal við viljum stunda.“

Heiða trúir því að stjórnámalaflokkar hafa tilgang og að þeir geti brugðist við með umbótum, uppgjöri og aukið. „Ég held reyndar að allir flokkar vilji sýna umbætur í verki. Ef til vill er það að gerast of hægt. Það vantar eitthvað upp á að fólk átti sig í raun og veru á því hvað hlutirnir eru komnir í mikið óefni.“

### Samfylkingin sé óhrædd að sýna hjartað

„Það er ósanngarnt að tala um Samfylkingarfólk eins og um einsleit hóp sé að ræða en mín upplifun af fólki í Samfylkingunni er að þar starfi gott og ofsalega vel menntað, duglegt og þenkjandi fólk. Í Samfylkingunni eru ólíkir einstaklingar en þetta þykir mér oft vera þráðurinn: Fólk sem veit mjög mikið en þarf kannski að vera óhrætt við að sýna meira hjartað. Ég á ekki við að Samfylkingin sé hjartalaus. Ég á við að þegar fólk veit rosalega mikið og hugsar mjög mikið þá er eins og heilinn taki yfir alla vinnuna. Tilfinningarnar og hjartað fái lítið að ráða. Það er ekki nógu gott. Við þurfum þetta allt.“

Þú átt við Besta sem hjartað í þjáurkarlinn Samfylkinguna? „Já það getur verið að Besti sé einmitt hjartað sem þurfti,“ segir Heiða og hlær.

### Sjálfstæðisflokkurinn of mikill valdaflokkur

Heiða segir að henni hafi aldrei þótt það koma til greina að starfa í meirihluta með Sjálfstæðisflokknum. Að hennar mati sé flokkurinn of valdsækinn og hún hafi óttast að Sjálfstæðisflokkurinn, sem hlaut fimm borgarfulltrúa, mundi gleypa Besta flokkinn. „Við stefndum að hreinum meirihluta. Það var það sem við vildum, en þetta varð niðurstaðan. Núna er ég þakklát fyrir að við skyldum ekki ná því markmiði. Hún segir dæmin sýna að Sjálfstæðisflokkurinn sé tilbúinn að ganga mjög langt fyrir völd. „Persónulega finnst mér flokkurinn sýna alltof mikinn og einbeittan vilja til valda. Það kom berlega í ljós á síðasta kjörtímabili hvað fulltrúar hans eru tilbúinir að ganga langt fyrir völdin þegar þeir mynduðu meirihluta með Ólafi F. Magnússyni. Það samstarf gekk auðvitað ekki upp og þá gera þau nánast sama hlutinn

aftur, nema með Óskari Bergsýni.“ Hún segist skynja að einstakir aðilar innan Sjálfstæðisflokksins sjái ef til vill eftir þessu brótti, en segir skorta á iðrunina hjá þeim. „Þótt sumir sjái kannski smá eftir þessu finnst mér eins og þau hafi ekki náð því hvað þetta var í raun alvarlegt og mikið brjálæði.“

### Fulltrúar Samfylkingarinnar og baklandið

„Það kemur allveg fyrir að þau í Samfylkingunni segist þurfa að bera ákvarðanir undir sitt bakland. Það þarf okkar fólk líka að gera, þótt það sé mun fljóttara að því, enda minni hópur. Við þurfum að svara fyrir hluti og slíkt er eðlilegt.“ Hún segir Besta flokkinn ekki líta á baklandið sem flokksræði. „Við leitum kannski minna til okkar fólks því við finnum það í okkar starfi að baklandið treystir okkur. Því fylgir gríðarleg ábyrgð sem er vandmeðfarin. Sjálf er ég í velferðarráði og þar lít ég á mig sem fulltrúa borgarbúa og Besta flokksins. Það skiptir mig máli hvernig ég kem fram fyrir flokkinn og það skiptir mig miklu máli hvernig fulltrúar flokksins koma fram opinberlega, enda tala þau fyrir hönd Besta flokksins, en ekki bara eigin persónu. Það þýðir hins vegar ekki að ég hringi í fólk og skammti það eða segi hvað það megi segja og gera. Heldur finnst mér fólk í Besta flokknum vera mjög meðvitað um þessa ábyrgð sína. Stundum upplifi ég okkur í betri tengingu við baklandið heldur en fulltrúar Samfylkingarinnar. Flokkurinn er auðvitað miklu stærri en við og þess vegna er það kannski eðlilegt en það er kannski líka vegna þess að bakland borgarfulltrúa Samfylkingarinnar virðist meira byggt upp á einstaklingunum í borgarstjórn. Hver og einn virðist hafa sitt bakland en ekki allir sama hóp.“

Það getur verið að Besti sé einmitt hjartað sem þurfti.

”

Ljótur partur af stjórnámenningunni og þeim pólitíska leik sem margir leika er einmitt sú aðferð að vera sífellt að ýta undir óöryggi og koma þeim hugmyndum að hjá fólki að stjórnámal séu alltaf óheiðarleg. Að allir séu svo siðlausir og að ekki sé hægt að treysta eða vinna með neinum.

”







# HVER VERNDAR PALESTÍNUMENN?

Ef gerð er sú krafa á ríki að þau útbúi stefnu og stofnanir til verndar almenningi, hver verndar þá Palestínumenn? Það sem af er árs má rekja dauðsföll yfir hundrað Palestínumanna beint til hernáms Ísraels og yfir fimmtán hundruð hafa slasast.

Þá hafa heimili verið rifin, fólk flutt nauðugt milli svæða, sjúklingum meinaður aðgangur að heilbrigðisþjónustu, börn verið handtekin og fangelsuð, og á hverjum degi ganga Palestínumenn í gegnum niðurlægjandi hindranir á för sinni. Á sama tíma lifa Ísraelsmenn í stöðugum ótta við fólkid sem þeir kúga.

Hvort sem nálgunin á öryggismál er út frá ríkjum eða einstaklingum, hernaðarleg eða lítur til fleiri öryggisþátta, fellur ábyrgð á vernd

almenningi að lokum á ríkið. Á meðan ekki er hægt að hafa hnattrænan ríkisborgararétt verður að tryggja að allir einstaklingar tilheyri ríki sem ábyrgist þá. Þótt alþjóðavæðingin hafi í för með sér aukin samskipti þvert á landamæri eru landamærin enn til staðar og hafa mikla þýðingu fyrir daglegar athafnir okkar allra. Krafa um sjálfstæði Palestínu hefur oft verið sett fram í nafni sjálfsákvörðunarrettar þjóða, en hana er ekki síður hægt að rökstyðja í þágu mannréttinda og öryggis.

Ef markmið tveggja ríkja lausnar er að bæta mannréttindi og öryggi einstaklinga á svæðinu verða verkefnið mjög skýr, því Palestínumenn vantar allar stofnanir sem tryggja öryggi þeirra, hvort heldur er efnahagslegt, heilsufarslegt eða umhverfislegt. Jafnframt er ljóst að tryggja verður aðkomu kvenna að friðarferli og uppbyggingu ríkanna tveggja í anda ályktunar öryggisráðsins númer 1325. Hægt er að nálgast allar upplýsingar um áhrif hernámsins á öryggi í mánaðarlegum skýrslum samræmingarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum.

## MANNÖRYGGI TIL GRUNDVALLAR ÁHÆTTUMATI FYRIR ÍSLAND

Í áhættumatsskýrslu fyrir Ísland sem gefin var út árið 2009 er mannöryggi eitt þeirra hugtaka sem lagt er til grundvallar við víðtæka skilgreiningu á hættum sem steðja að landinu. Jafnframt gætir áhrifa þess í umfjöllun um friðargæslu og mansal. Hugtakið er þó ekki skilgreint nákvæmlega, en minnst er á ólíka notkun þess.

Í skýrslunni segir að hefðbundin mörk milli innra og ytra öryggis ríkja séu orðin æ óljósari í heimi þar sem hættur á borð við skipulagða glæpastarfsemi, hryðjuverk, efnahagskreppur, ólöglega fólksflutninga, mansal og náttúruhamfarir gangi þvert á landamæri ríkja. Í því umhverfi taki viðbúnaður oft fremur mið af veikleikum ríkja og samfélaga en beinni ógn gegn þeim.

Skýrsluhöfundar benda á að útbreiðsla mannöryggishugtaksins

hafi bein áhrif á Ísland. Með aukinni áherslu á mannöryggi verði skilin milli hernaðaraðgerða, þróunarsamvinnu og mannúðarstarfa óljósari en áður, en skoða verði áhrif þess í ljósi aukinnar þátttöku Íslands í friðargæslu á undanförunum árum. Að lokum setja þeir mannöryggi í samhengi við mansal. Áður hafi það jafnan verið viðfangsefni lögregluvirkvalda, en nú sé mansal í ríkara mæli skoðað út frá sjónarmiðum mannöryggis sem alþjóðleg öryggisógn.



## FÓLK Í STAÐ RÍKJA

Undanfarin ár hafa orðið miklar breytingar á umræðunni um öryggismál. Í auknum mæli er farið að líta til annarra ógna en þeirra sem beinast að ríkjum og stafa frá herjum.

**V**erðlaunahafar friðarverðlauna Nóbels í ár eru konur sem unnið hafa að valdeflingu kvenna í sínum heimalöndum með hugmyndafræði og aðferðum sem beinast að rótum vandans: Fátækt, misrétti og ofbeldi. Með heildstæðri sýn á vanda stríðshráðra og fátækra svæða heimsins hafa þær vakið athygli og náð árangri.

Á síðustu árum hefur aukist þrýstingur á ríki og alþjóðastofnanir að víkka út sjónvæðingarmálum og vinna að öryggismálum í takt við breytta tíma. Það eru ekki síst feminískir fræðimenn og aðgerðasinnar sem hafa beitt sér fyrir því eftir að hafa skoðað hvaða áhrif átök höfðu á konur. Á sama tíma varð til ríkari áhersla á öryggi einstaklinga. Þessi áherslubreyting hafði gríðarleg áhrif á umræðuna í heild, en einnig á stefnu Sameinuðu þjóðanna, annars vegar með aukinni meðvitund um hlutdeild kvenna og hins vegar með nýju hugtaki: mannöryggi (e. human security).

### Fólk framfar ríki

Eins og orðið gefur til kynna er með mannöryggi lögd áhersla á einstaklingsmiðaðri nálgun á öryggi en þekkt hefur hingað til. Enn er tekist á um skilgreiningu hugtaksins og eru tvær ólíkar útfærslur notaðar. Annars vegar hefur verið mótuð stefna um mannöryggi með áherslu á öryggi einstaklinga gagnvart pólitísku ofbeldi, eða það sem hefur verið nefnt frelsi frá ótta (Kanadamenn og Norðmenn hafa innleitt slíkar áherslur). Sú útfærsla hefur aftur á móti mætt tortryggni í þróunarríkjunum. Þar líta margir svo á að ráðamenn á Vesturlöndum vilji nýta hugtakið í þessari merkingu til að auðvelda afskipti af innanríkismálum annarra ríkja.

Hina útfærsla hugtaksins mannöryggi má rekja til hugmynda um

þróunarsamvinnu þar sem áhersla er lögð á mikilvægi sjálfbærrar þróunar. Hugtakið var fyrst sett opinberlega fram í þeirri merkingu í skýrslu þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) árið 1994. Þar er mannöryggi skilgreint sem öryggi frá langvarandi ógnum eins og hungri, sjúkdómum og kreppu, eða frelsi frá skorti. En jafnframt felst í því vernd við skyndilegri og meidandi röskun á daglegu lífi, hvort sem það er á heimilum, vinnustöðum eða almennt innan samfélaga. Auk þess er lögð á það áhersla að öryggisþættir á borð við efnahagslegt öryggi, mataröryggi, heilbrigðisöryggi og umhverfisöryggi tengist innbyrðis.

Á hvorn veginn sem mannöryggi er skilgreint gerir beiting hugtaksins ráð fyrir viðhorfsbreytingu sem lýtur annars vegar að því skoða fleiri einingur en ríkið, svo sem öryggi einstaklinga, samfélaga og svæða, en hins vegar að aukinni áherslu á alþjóðasamstarf öryggisstofnanna og sambærilegri nálgun þeirra á öryggismál. Þannig verða öryggismálin hluti af alþjóðavæðingunni og komast í takt við alþjóðasamstarf á öðrum sviðum.

### Eðlilegt framhald

Það er eðlilegt að spyrja hvort hugtakið mannöryggi bæti einhverju við það samstarf sem nú þegar er fyrir hendi á sviði mannréttinda-, þróunar- og friðarmála. Til þess að uppfylla markmið mannöryggis þarf að tryggja vernd fólks og valdeflingu. Verndin er fyrst og fremst á höndum ríkisins sem ber skyldu til að útbúa stefnu og stofnanir sem vernda fólk frá hættum. Aðrir, svo sem alþjóðastofnanir, almenningur, frjáls félagsamtök og einkafyrirtæki, geta þó átt mikinn þátt í að veita slíka vernd. Valdeflingin snýst um að gera einstaklingum og samfélögum kleift að taka upplýstar ákvarðanir og starfa í eigin þágu. Eins og Amartya Sen útskýrir í skýrslu Mannöryggisráðsins (e. Commission on Human Security) er mannöryggi í

raun hluti af þróunarsamvinnu, er ysti endi hennar eða hættustjórnunin.

Evrópusambandið brást við og bætti mannöryggishugtakinu við öryggisstefnu sína árið 2008. Í framkvæmdaskýrslu sambandsins það ár segir að Evrópusambandið hafi unnið að því að tryggja mannöryggi með því, að draga úr fátækt og ójöfnuði, stuðla að góðum stjórnarháttum og mannréttindum, aðstoða við þróun og takast á við meginorsakir átaka og öryggisleysis. Þar er lagt á ráðin um að sambandið haldi áfram að samþætta mannréttindamál öllum þáttum öryggisstefnunnar með einstaklingsmiðuðum áherslum í samræmi við mannöryggi.

Í útfærslu Sen og Evrópusambandsins er mannöryggi heildstæð nálgun á öryggismál sem samþættir mannréttindi og þróunarsamvinnu, líkt og Nóbelsverðlaunahafarnir hafa gert. Mögulega er það eðlilegt framhald af því samstarfi sem nú þegar er að finna á því sviði, en um það ríkir enn ekki fullkomin sátt í alþjóðasamfélaginu.

### Konur, friður og öryggi

Á síðustu árum hafa orðið breytingar á öryggisstefnu Íslands að þessu leyti. Ísland er til dæmis eitt fárra ríkja þar sem samþykkt hefur verið framkvæmdaáætlun um ályktun öryggisráð Sameinuðu þjóðanna númer 1325, um konur, frið og öryggi. Þar var í fyrsta sinn rætt um aðstæður kvenna í átökum, hlutverk þeirra í friðarumleitunum og kynjasjónarmið í friðargæslu.

Hvergi er minnst á mannöryggi berum orðum í áætlun Íslands en tvö meginmarkmið þess, vernd og valdefling, eru þar til staðar. Þá segir í formála að skilin milli utanríkismála og innanríkismála séu á undanhaldi og að Íslendingar hyggist leggja sitt af mörkum til að bæta mannréttinda kvenna. Hvort tveggja er í samræmi við breyttar áherslur í öryggismálum.



## ÖRYGGIÐ OG ELDESTÓIN

Eldstór hafa líklega aldrei áður komist á dagskrá utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Á síðasta ári ákvað Hillary Clinton fyrir hönd Bandaríkjastjórnar að veita 50 milljón dollara til að dreifa nýrri tækni sem gerir opnar eldstór í Afríku öruggari og hreinni með því að nota úrgang sem fellur til við landbúnað.

Talið er að rúmlega tvær milljónir manna deyi árlega af völdum reyksins sem leggur frá opnum eldstóm. Þá er þar brennt gríðarlegu magni

af viðarkolum. Talið er að skógar Austur Afríku dugi ekki lengur en 25 ár til viðbótar ef fer fram sem horfir. Eyðing skóga er ekki aðeins slæm fyrir andrúmsloftið heldur eykst líka hættu á aurskriðum og flóðum. Þar að auki er matur á þessu svæði oft þess eðlis að hann verður að elda, sem þýðir að eftir því sem erfiðara er að nálgast viðarkol þurfa konur og börn að ferðast lengra í leit að þeim. Viðvarandi kolanotkun eykur því bæði öryggi og skapar hungurhættu fyrir milljónir manna.

Eldstóarverkefnið er gott dæmi um heildstæða aðgerð í öryggismálum, með þróunarsamvinnu og umhverfisvernd, sem eykur ekki bara öryggi íbúa Afríku heldur okkar allra.



Teitur Atlason



Hatursáróður á skólatöflu í Kigali höfuðborg Rúanda.

**Hatursorðræða er tiltölulga auðgreinanleg þótt skilin milli venjulegra svíðvirðinga á opinberum vettvangi og hatursorðræðu séu stundu óljós.**

## HATRIÐ KOLLVARPAR UMHVERFI SÍNU

Í apríl 1945 komust herir Bandamanna inn fyrir landamæri hins nasíska Þýskalands. Það var þó ekki fyrr en 8. maí sem Þýskaland gafst upp. Þennan tíma frá innrásinni og allt fram að uppgjöf reyndu margir sem framið höfðu glæpi í skjóli nasista að dylja þá með því að losa sig við sönnunargögn.



**H**inn 20. apríl klukkan átta eftir hádegi, sama dag og Adolf Hitler fagnaði afmælisdegi sínum, voru skandinavískir fangar fluttir úr Neugamme-fangabúðunum rétt fyrir utan Hamborg. Farartækin sem notuð voru gengu undir nafninu „hvítu rútunna“ og táknuðu frelsi fyrir marga fanga en ekki alla.

Eftir í fangabúðunum voru meðal annars tuttugu gyðingabörn á aldrinum fimm til tólf ára. Tíu stúlkur og tíu drengir. Þar af tveir systkinahópar. Þau fóru ekki með hvítu rútunum.

Þau höfðu um margna mánaða skeið verið hluti af „læknisfræðilegum“ tilraunum sem SS-læknirinn Kurt Heissmeyer gerði í Neugamme. Heissmeyer hafði fjarlægt eitlana úr börnunum með skurðaðgerð og sprautað þau með lifandi berklabakteríum undir húðina. Sum börnin höfðu verið smituð af berklum með barkapræðingu. Í yfirheyrslu árið 1964 viðurkenndi Heissmeyer að honum hafi ekki fundist „neinn grundvallarmunur á gyðingum og tilraunadýrum“.

Nokkrum tímum eftir að síðustu Skandinavarnir höfðu yfirgefið fangabúðirnar í Neugamme voru börnin flutt á brott, ásamt fjórum fönngum sem höfðu séð um þau og annast í fangavistinni. Áfangastaðurinn var skólabygging í Hamborg og þangað kom hópurinn á miðnætti. Fullorðna fólkið í hópnum voru tveir franskir læknar, Gabriel Florence og René Quenouille, og tveir Hollendingar, Dirk Deutekom og Anton Hölzel. Skólahúsið hét Bullenhuser Damm og var hluti af fangabúðunum við Neugamme. Skólinn hafði rétt áður verið mótsstaður fyrir skandinavíska fanga sem safnað var saman í húsinu og síðan sleppt.

Hópurinn var færður niður í kjallarann. Í kyndiklefanum var fullorðna fólkið hengt. Notast var við rör í loftinu. Síðan var komið að börnunum. Sum börnin höfðu samkvæmt frásögn SS-læknisins Alfreds Trzbinskis fengið morfínsprautur, þar á meðal Georges-André Kohn sem var hvað verst leikinn eftir tilraunir Heissmeyers. Georges-André var sofandi þegar hann var hengdur, ekki í rörinu eins og fullorðna fólkið, heldur í krók á veggnum. SS-korporállinn Johann

Frahm þurfti að nota alla líkamsþyngd sína til þess að snaran herptist að hálsi litla drengsins. Síðan hengdi Frahm tvö börn, hvert á sinn krók, „eins og á málverki,“ sagði hann í yfirheyrslu árið 1946. Ekkert af börnunum grét á meðan þessu stóð.

Þegar öll börnin höfðu verið myrt deildust út snafsar og nokkrar sígarettur handa SS-mönnum sem stóðu að verknadinum. Síðan var komið að næsta hópi til að hengja. Tuttugu sovéskir stríðsfangar. Hvað þeir hétu vitum við ekki. En nöfn barnanna eru þekkt. Mania Altmann 5 ára, Lelka Birnbaum 12 ára, Suric Goldinger 11 ára, Riwka Herzberg 7 ára, Alexander Hornemann 8 ára, Eduard Hornemann 12 ára, Marek James 6 ára, Junglieb 12 ára, Lea Klygermann 8 ára, Georges-André Kohn 12 ára, Bumel Mekler 11 ára, Jacqueline Morgenstern 12 ára, Eduard Reichenbaum 10 ára, H. Wassermann 8 ára, Elanora Witónska 5 ára, Roman Witónski 7 ára, Roman Zeller 12 ára, Ruckla Zylberberg 9 ára.

Daginn eftir voru líkin færð aftur til Neugamme og þau brennd. Núna heitir skólinn Janusz-Korczak-Schule. Á skólalóðinni er lítill rósagarður sem tileinkaður er minningu barnanna.

Þessi hroðalega saga gerist ekki í tómarúmi. Hún er endapunktur á afleiðingum hatursumræðu sem fékk að grassera óáreitt í áratugi. Gyðingahatur var landlægt í Evrópu allt frá miðöldum og braust út í skipulegum ofsóknum öðru hverju í gegnum aldirnar og þá af guðfræðilegum ástæðum. Áður en nasistar komu fram á sjónarsviðið var það krossinn sem vakti ótta hjá gyðingum og var tákn hinnar algeru og taumlausu illsku. Það var svo á 20. öld að gyðingahatur tók á sig aðra mynd, hætti að snúast um hópinn „sem drap Krist“ og varð að einskonar undirgrein í félagsvísindum

sem studdist við líffræðikenningar og hugmyndir um stéttaátök. Hatríð varð að normi og ofsóknirnar urðu að einhverskonar hreinsunarstarfi. Birtingarmyndir þessa ástands voru sum hver furðulegar.

Á þriðja áratugnum kom út í Þýskalandi borðspilið „Juden Raus!“, sem var kynnt sem „mjög skemmtilegt spil fyrir börn og fullorðna“. Leikmennirnir í spiliinu voru í laginu eins og hattar sem gyðingar voru neyddir til að bera á miðöldum. Á hverjum hatt var einnig skopmynd af gyðingi. Þegar þarna er komið sögu var hatursorðræðan orðin mainstream. Hún var partur af daglegu lífi fólks og ofin inn í samfélagið.



„Þú vinnur með því að hrekja burt 6 Júða.“


Borðspilið Juden Raus! var kynnt sem „mjög skemmtilegt“ spil fyrir börn og fullorðna á þriðja áratugnum.

Hatursorðræða er tiltölulega auðgreinanleg þótt skilin milli venjulegra svíðvirðinga á opinberum vettvangi og hatursorðræðu séu stundum óljós. Það sem einkennir hatursumræðu öðru fremur er tilhneigingin til afmennsku þeirra sem hatríð beinist gegn. Hatursumræða heggur því að rötum manneskjunnar



### Georges-André Kohn

Hinn 17. ágúst var Georges-André Kohn, 12 ára fluttur áamt fjölskyldu sinni frá París til Auschwitz. Það var 79. flutningur franskra gyðinga austur á bóginn og sú síðasta. Við komuna til Auschwitz var Georges-André valinn í rannsóknarhóp þar sem átti að rannsaka lungnasjúkdóma. Í nóvember var hann svo sendur til Neugamme-búðanna. Myndin hér að ofan er tekin árið 1944 og sýnir að það er búið að fjarlægja eitlana í handarkrikum drengsins. Ljósmyndarinn er SS-læknirinn Kurt Heissmeyer.







## ESB OG SVEITARFÉLÖG: TÆKIFÆRIN Í STÖÐUNNI

Dagur B. Eggertsson  
Borgarfulltrúi

**S**egja má að sveitarfélögin hafi gengið í ESB árið 1994 þegar EES-samningurinn var gerður. Við fulla aðild myndi sáralítið af löggjöf og ákvörðunum sem hefði bein áhrif á sveitarfélögin bætast við. Sveitarfélög á Íslandi eru því í þeirri undarlegu stöðu að ótal ákvarðanir ESB hafa áhrif hér heima án þess að við eigum sæti við borðið þar sem þeim málum er ráðið til lykta. Þetta er alvarlegur lýðræðishalli.

Yfirstandandi aðildarviðræður hafa þegar dregið það fram engin eiginleg byggðastefna er til á Íslandi. Við höfum líka vanist því að snúa blinda auganu í byggðamálum að höfuðborgarsvæðinu þar sem 75% landsmanna búa. Þessu er öðruvísi farið í Evrópu. Þar eru borgarsvæði fyrir löngu orðin sérstakt áhersluatriði í byggðastefnu. Borgir og borgarsvæði eru ekki síst mikilvægar sem drifkraftur í hagvexti, vagma lítilla og meðalstórra fyrirtækja, græns hagvaxtar og skapandi greina af öllu tagi.

Þessu þurfum við að sinna. Við þurfum höfuðborgarstefnu um leið og við dreifum völdum út í landshlutana í atvinnu- og byggðamálum. Þar á forræði stöðkerfis, skipulags og forgangsröðun fjármuna heima. Það merkilega er nefnilega að þegar vinnubrögð „hins miðstýrða“ ESB og Íslands í byggðamálum eru borin saman þá dreifir ESB völdum á meðan allar meginákvarðanir í byggðamálum á Íslandi eru teknar í Reykjavík.

Framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar, Ísland 2020, miðar að því að snúa þessu við og dreifa völdum. Valddreifingin felst í því að stjórnvöld setji sér skýr og mælanleg markmið til framtíðar á sviði efnahags-, atvinnu-, umhverfis- og samfélagsmála. Það hefur þegar verið gert. Til að skilgreina og velja verkefni á hverjum stað verða unnar sóknarátlanir í hverjum landshluta. Undirbúningur þeirra er að hefjast.

Ekki svo að skilja að landshlutanir hafi setið með hendur í skauti hingað til. Það er raunar stórmerkilegt (og líklega efni í annan pistil) að allir landshlutar hafa á undanförunum árum sótt í sjóði og samstarfsverkefni ESB á hinum aðskiljanlegustu sviðum. Þar til nýlega var höfuðborgarsvæðið eina undantekningin í þessum efnunum. Á þessum sviðum opnast enn ný tækifæri fyrir okkur sem umsóknarríki. Þessi tækifæri þurfum við öll að nýta. Oft var þörf, en nú er nauðsyn.

## ENGIN VANDAMÁL - BARA LAUSNIR



TOYOTA

## Er ekki tími til kominn að smyrja? Ég bara smyr.

Nú er sértíloð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.



### 20% afsláttur

Sértíloð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota á Íslandi í október, m.a. af olíu, síum, rúðupurrkum og bílaperum.\*

### 15% afsláttur

af vinnu við smurningu.

Komdu í heimsókn.

Við tökum vel á móti þér.

Toyota Kópavogi	Nýbýlavegi 8	200 Kópavogi	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	800 Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	260 Reykjanesbæ	420 6600
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík	577 7080
Bifreiðaverkstæðið Ásinn	Kalmansvöllum 3	300 Akranesi	431 5050
Bítangi	Suðurgötu 9	400 Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	550 Sauðárkróki	455 4570
Bítaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	640 Húsavík	464 1888
Bítaverkstæði Austurlands	Miðási 2	700 Egilsstöðum	470 5070
Bítageirinn	Grófinni 14a	230 Reykjanesbæ	421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Today  
Tomorrow  
Toyota

\*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, ljósaperur, rúðuvökvi og frostlögur.